




**Ársskýrsla**  
2011

---


Efnisyfirlit

---

1	Ávarp formanns .....	5
2	Staða og hlutverk skólans .....	6
	Hlutverk .....	6
	Framtíðarsýn .....	6
3	Gildi og stefna Tækniskólans, skóla atvinnulífsins 2011-2013 .....	7
	3.1 Gildi Tækniskólans: .....	7
	Menntun.....	7
	Virðing .....	7
	Fagmennska.....	7
	Framsækni.....	7
	3.2 Stefna í kennslu og námi .....	7
	3.3 Stefna í þróun námsbrauta .....	8
	3.4 Stefna um mannauð, ánægju nemenda og starfsmanna .....	8
	3.5 Stefna um rekstur, skipulag og húsnæði .....	8
4	Skipulag og sérstaða.....	9
5	Stjórn skólans og stjórnendur.....	10
	5.1 Eigendur og stjórn .....	10
	5.2 Stjórnendur og skipurit.....	10
6	Skólar Tækniskólans .....	11
	6.1 Byggingatækniskólinn.....	11
	6.2 Endurmenntunarskólinn.....	12
	6.3 Fjölmenningskólinn.....	12
	6.4 Flugskóli Íslands .....	13
	6.5 Hársnyrtiskólinn .....	14
	6.6 Hönnunar- og handverksskólinn.....	15
	6.7 Raftækniskólinn .....	15
	6.8 Skipstjórnarskólinn .....	17
	6.9 Tæknimenntaskólinn .....	17
	6.10 Véltækniskólinn.....	19
	6.11 Upplýsingatækniskólinn .....	21
7	Ýmsar tölulegar upplýsingar um skólahald .....	24
	7.1 Yfirlit yfir nemendafjölda á einstökum brautum í dagskóla 2009 og 2010.....	24
	7.2 Brottfall árið 2011 .....	26



7.3	Kynjahlutfall í Tækniskólanum 2010.....	26
7.4	Meðalaldur nemenda Tækniskólans 2008 - 2010 .....	27
7.5	Brautskráningar .....	28
7.6	Áfangastjórn.....	28
7.7	Námsstjórn.....	28
8	Sjálfsmat og innra eftirlit.....	29
8.1	Gæðakerfi .....	29
8.2	Kennslumat.....	30
8.3	Miðannarmat.....	31
8.4	Innra rýni.....	31
9	Félagslíf Nemenda .....	32
9.1	Nemendasamband Tækniskólans .....	32
9.2	Fjármál NST.....	32
9.3	Aðstaða NST .....	32
9.4	Viðburðir .....	33
10	Samvinna og tengsl við atvinnulífið .....	33
10.1	Nýjar trésmíðavélar keyptar í Byggingatækniskólann .....	33
10.2	Véltækniskólinn hlaut styrk frá Akki .....	33
10.3	Varanleg aðstaða til sveinsprófs í málaraíðni í Tækniskólanum .....	34
11	Brot af umfjöllun um skólann og starfsemi hans í fjölmiðlum .....	34
11.1	Verðlaun fyrir sveinspróf í rafiðnum afhent.....	34
11.2	Ljósmyndanemi selur myndir til H & M .....	34
11.3	Forvarnardagurinn í Tækniskólanum.....	35
11.4	Nemandi í Tækniskólanum var annar keppenda í sigurliðinu "Tveir harðir".....	35
11.5	Útskriftarsýning nema í Hönnunar- og handverksskólanum.....	35
11.6	Ljósmyndasýning í tilefni af 300 ára afmæli Skúla fógeta .....	36
11.7	Njálumaráðon á opnum dögum .....	36
11.8	Leyndarmálið .....	36
11.9	Tækniskólinn sigraði í forritunarkeppni framhaldsskólanna.....	36
11.10	Hársnyrtinemenndur vinna til verðlauna á árlegum viðburði IAHS á Írlandi.....	37
11.11	Samvinnuverkefni Leonardo um endurnýjanlega orkugjafa .....	38
11.12	Dagur vann! .....	38
11.13	Fjölmenningarskólinn og Comeniusar-verkefnið .....	39
11.14	Margmiðlunarskólinn á tímamótum.....	39
11.15	Tækniskólinn í fremstu röð.....	39
11.16	Unglist - Tískusýning fataiðndeildar Tækniskólans .....	39
11.17	Myndbandasamkeppni Forvarnardagsins.....	40



12	Rekstrarsvið – stoðþjónusta .....	40
12.1	Umsjón húsnæðis .....	40
	Húsnæði í rekstri.....	40
	Breytingar og viðhald á húsnæði 2011 .....	40
12.2	Bókasafn og upplýsingamiðstöð .....	40
12.3	Tölvudeild.....	41
	Uppbygging kerfis .....	41
12.4	Starfsmannahald .....	42
12.5	Starfsmannafundir.....	42
12.6	Starfsmannafélag, starfsemi .....	44
12.7	Fjármálastjórn, bókhald og skólaskrifstofa.....	45
12.8	Afkoma ársins .....	45



## 1 Ávarp formanns

Til að standast samkeppni þarf atvinnulífið aðgang að vel og rétt menntuðu fólki til starfa. Fyrirtækin byggja velgengni sína meðal annars á vel menntuðu og þjálfuðu starfsfólki.

Mannauðurinn leggur grunn að stöðugri verðmætasköpun. Þegar kemur að menntun fyrir atvinnulífið þá skipar Tækniskólinn, skóli atvinnulífsins veigamikil hlutverk. Skólinn hefur útskrifað fagfólk fyrir íslenskt atvinnulíf og samfélag í langan tíma og mun gera það um ókomin ár. Í skólanum er unnið mikið og gott starf sem knúið er af dugnaði og metnaði starfsfólks og nemenda.

Á síðasta ári var hleypt af stokkunum áttakinu „nám er vinnandi vegur“. Átakið hafði tvö markmið. Að tryggja öllum yngri en 25 ára sem uppfylla skilyrði náms í framhaldsskóla. Hitt markmiðið var að skapa námstækifæri fyrir allt að eitt þúsund atvinnuleitendur frá hausti 2011 og næstu tvö ár þar á eftir. Samsetning atvinnulausra á Íslandi er á þann veg að helmingur hefur einungis lokið grunnskólanámi og brottfall úr framhaldsskólum er mikið. Þetta er mun verri staða en í okkar samkeppnislöndum. Skólinn hefur lagt sitt af mörkum í þessu átaki á síðasta skólaári með auknu framboði.



Eins undarlegt og það kann að hljóma þegar um 12 þúsund manns eru án vinnu þá er skortur á vinnumarkaðinum fyrir fólki í störf sem krefjast ákveðinnar þekkingar og færni. Tækniskólinn, skóli atvinnulífsins hefur verið að bregðast við þessum skorti með því að auka námsframboð í þeim greinum sem mestur skortur er í. Nýjasta dæmið er flugvirkjanámið. Verulegur skortur er á flugvirkjum og hefur það staðið flugiðnaðinum fyrir þrifum. Síðastliðið haust var boðið upp á flugvirkjanám í samstarfi við Lufthansa og var þreföld eftirspurn eftir þeim sætum sem í boði voru.

Stefna okkar er að gera góðan skóla enn betri og stuðla að því að Tækniskólinn, skóli atvinnulífsins verði áfram helsti verk- og tæknimenntaskóli landsins.

Stjórnarformaður Tækniskólans, skóla atvinnulífsins,

Bolli Arnason



## 2 Staða og hlutverk skólans

Í þjónustusamningi TS og mennta- og menningarmálaráðuneytisins frá 2008 er kveðið á um áherslur, markmið og hlutverk skólans. Það er mat Tækniskólans að vel hafi tekist að starfa eftir þeim stefnumiðum og ná þeim markmiðum sem þar voru sett. Tækniskólinn hefur haslað sér völl sem viðurkenndur og eftirsóttur iðn- og starfsmenntaskóli í hraðri þróun.

Samstarf við aðila atvinnulífsins hefur verið stóraukið frá því sem áður var og hefur nú þegar mikil áhrif á þróun náms og námsbrauta. Fagráð, sem er samstarfsvettvangur launþega, atvinnurekenda og skólans hefur miklu hlutverki að gegna í þróun hans. Reynslan af starfi fagráða hefur almennt verið góð og sannast að bætt tengsl milli aðila koma skólastarfinu að gagni.

Á þessum árum hefur brottfall nemenda frá námi minnkað umtalsvert, viðvera nemenda aukist og aðsókn að skólanum meiri. Kennslu og áfangamat nemendanna í skólanum er einnig mjög gott.

Helstu stefnumið Tækniskólans og sérstakt hlutverk standa óbreytt en hér verður gerð grein fyrir áherslum í stefnu Tækniskólans til næstu ára, helstu gildum hans og leiðum og settir eru fram mælipunktur.


### Hlutverk

Tækniskólinn, skóli atvinnulífsins, starfar samkvæmt lögum um framhaldsskóla frá 2008, aðalnámskrá framhaldsskóla Tækniskólans tekur mið af lögnum frá 2008 og viðeigandi reglugerðum. Hlutverk Tækniskólans, skóla atvinnulífsins, er að stuðla að alhliða þroska nemenda, búa þá undir störf í atvinnulífinu og frekara nám í sérskólum og háskólum. Einnig er það hlutverk skólans að búa nemendur undir virka þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi og leitast við að efla með þeim gagnrýna hugsun, ábyrgðarkennd, víðsýni, frumkvæði, sjálfstraust og umburðarlyndi.

Sérstakt hlutverk Tækniskólans er að mennta eftirsóttá handverks-, iðnaðar-, tækni-, vélstjórnar-, skipstjórnar-, flug-, og sjávarútvegsmenn til starfa í íslensku jafnt sem alþjóðlegu umhverfi bæði til sjós og lands.

### Framtíðarsýn

Tækniskólinn, skóli atvinnulífsins verði áfram helsti verk- og tæknimenntaskóli landsins, njóti virðingar nemenda og atvinnulífs fyrir góða menntun og verði eftirsóttur vinnustaður. Tækniskólinn verði leiðandi í framboði á framhaldsmenntun að loknu starfsnámi.



## 3 Gildi og stefna Tækniskólans, skóla atvinnulífsins 2011-2013

### 3.1 Gildi Tækniskólans:

#### Menntun

Við leitumst við að veita nemendum okkar fjölbætta menntun sem nýtist þeim til starfa, áframhaldandi náms og til virkrar þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi. Við endurskoðum reglulega inntak og framsetningu kennslunnar til að koma á framfæri bestu hefðum og nýjustu tækni. Við leggjum áherslu á að virkja sköpunarkraftinn og stuðlum að samþættingu ólíkra greina.

#### Virðing

Við mætum hverjum nemenda þar sem hann er staddur og væntum mikils af honum. Við stuðlum að og virðum jafnrétti, lýðræði og mannréttindi. Við berum virðingu fyrir samstarfsfólki okkar og nemendum og bjóðum þeim bestu mögulegar aðstæður. Við virðum gildi og hefðir faggreina og nálgumst umhverfi okkar með endurnýtingu og sjálfbærni að leiðarljósi .

#### Fagmennska

Við leggjum áherslu á fagmennsku á öllum sviðum, í kennslu, stoðþjónustu og samskiptum við nemendur, foreldra og atvinnulíf. Við ástundum fagleg vinnubrögð og hagsýni í stjórn skólans og ákvarðanatöku. Við byggjum fagmennsku okkar m.a. á námskrám, áætlunum, ferlum og gæðaviðmiðum.

#### Framsækni

Við erum fljót til nýjunga, leitum tækifæra og bjóðum nemendum nýjar lausnir. Við bregðumst við þörfum atvinnulífsins fyrir vel menntað starfsfólk og vinnum með fyrirtækjum og hagsmunaaðilum að þróun námsbrauta. Við göngum á undan í innleiðingu nýrra kennsluhátta og þróun námskráa.

### 3.2 Stefna í kennslu og námi

Skólinn leggur áherslu á að nemendur læri með því að leysa raunhæf og skapandi verkefni í hverri grein. Skólinn leggur áherslu á samþættingu námsgreina, þverfaglegt samstarf og að sköpun og frumkvæði einkenni nám og kennslu. Þessum markmiðum verður náð með því að þróa kennsluhætti hafa hvetjandi námsmat með skýrum væntingum til nemenda, og eftirliti með ástundun þeirra.

- Val og ábyrgð nemenda á verkefnum aukist eftir því sem þeir eru lengra komnir í námi.
- Kennslan verði skipulögð út frá því hvaða upplýsingar, tæki og leiðsögn nemendur þurfa til að geta leyst verkefni af hendi.
- Kennarar þróa rafrænar leiðir til upplýsingamiðlunar og námsmats.
- Hlutfall leiðsagnarmats á úrlausnum verkefna verði einkennandi og hlutfall lokaprófa í námsmati fari minnkandi.
- Stefnt er að minnkandi brottfalli og batnandi meðalárangri nemenda Tækniskólans, skóla atvinnulífsins.
- Ferilmappa verði hluti af námsmati á flestum brautum.

#### Mælipunktur:

Á næstu þremur árum:

- Afföll skráðra eininga verði undir 15%.
- Hlutfall staðinna eininga verði yfir 75% .
- Hlutfall lokaprófa í námsmati minnki um 30%.
- Notkun ferilmöppu sem hluti af námsmati aukist um 30% á ári.

### 3.3 Stefna í þróun námsbrauta

Námskrár allra námsbrauta verða endurskoðaðar í samræmi við lög um framhaldsskóla frá 2008. Unnið verði áfram að þróun nýrra námsbrauta á framhaldskóla- og framhaldsstigi (fjórða þrepi) í samræmi við þarfir nemenda og atvinnulífs.

- Í samræmi við ný lög verði lokið endurskoðun allra námsbrauta Tækniskólans haustið 2013.
- Á hverju ári verði a.m.k. ein ný námsbraut þróuð með hagsmunaaðilum.
- Fjölgun nemenda sem ljúka námi af 4. þrepi frá Tækniskólanum, skóla atvinnulífsins.
- Byggja upp samstarf við erlenda skóla
- Fá viðurkenningu erlendra og innlendra skóla á námi skólans á fjórða þrepi.

#### Mælipunktur:

Á næstu þremur árum:

- Verði nýjar/endurskoðaðar námskrár a.m.k. 4 á ári.
- Nýjar námsbrautir á 4. þrepi verði a.m.k. þrjár.
- Nemendum sem ljúka námi á 4. þrepi skólans fjölgi um 20%.

### 3.4 Stefna um mannauð, ánægju nemenda og starfsmanna

Starfsmenn og nemendur búi við góðar aðstæður, séu ánægðir með vinnuumhverfi sitt og líði vel í Tækniskólanum skóla atvinnulífsins. Skólinn mæli reglulega líðan og ánægju nemenda og starfsmanna og setji niðurstöðurnar í ferli til úrbóta þar sem við á.

- Kennslu- og áfangamat verði á hverri önn og þróist til að gefa betri mynd af stöðu kennslu og áfanga.
- Aðlögun kennslurýmis miðað við breytilegar áherslur verði unnið í samvinnu við starfsmenn.
- Skólinn stuðli að endurmenntun starfsmanna sinna með námskeiðum, fræðslufundum, fyrirlestrum og kynningarferðum.
- Skólinn leggi áherslu á félagslíf nemenda og styður skólafélögin og nemendasambandið.

#### Mælipunktur:

Á næstu þremur árum:

- Annað hvert ár verði gerð ein viðhorfskönnun meðal nemenda og ein meðal starfsmanna.
- Einkunn kennslumats verði ekki undir 4.0.
- Einkunn áfangamats verði ekki undir 4.0.

### 3.5 Stefna um rekstur, skipulag og húsnæði

Nýta vel þá fjármuni sem skólinn hefur til umráða og kostnaði haldið í lágmarki. Það er m.a. gert með góðu skipulagi í mannauðsstjórnun, aðhaldi og skipulagi á innkaupum og nýtingu efnis og einnig með góðri nýtingu í námshópum. Yfirstjórn skólans vinni náið með eigendum að þróun hans í aðbúnaði og framtíðarhúsnæði.

- Halda nýtingu í námshópum eins góðri og mögulegt er hverju sinni.
- Stefnt er að því að tekjur aðrar en opinber framlög og nemendagjöld aukist sem hlutfall heildartekna.
- Unnið skal markvisst að endurnýjun tækja og búnaðar.
- Allur skólinn starfi eftir vottuðu gæðakerfi samkvæmt ISO9001.



**Mælipunktur:**

- Tekjur aðrar en opinber framlög og nemendagjöld verði allt að 20% af heildartekjum á þremur árum.
- Meðalnýting í námshópum verði yfir 90% á hverju skólaári.
- Hlutfall launakostnaðar af heildartekjum sé ætíð undir 80%
- Gæðakerfi samkvæmt ISO9001 staðli verði komið á skólann í heild og vottað ekki síðar en 2014.

## 4 Skipulag og sérstaða

Tækniskólinn ehf. var stofnaður vorið 2008 með samruna Iðnskólans í Reykjavík og Fjöltækniskóla Íslands og er rekinn sem einkahlutafélag. Samkvæmt samþykktum skólans, sem eru í anda sjálfseignarstofnunar, er eigendum ekki heimilt að taka út fjárhagslegan arð en arður eigenda felst í betur menntuðu fólki til atvinnulífsins. Rekstur skólans miðast við að skólinn sé sjálfbær.

Sérstaða Tækniskólans, skóla atvinnulífsins felst í nánnum tengslum hans við atvinnulífið í gegnum eignarhaldsfélag hans og sérstök fagráð sem tengjast öllum námsbrautum skólans. Í fagráðum sitja fulltrúar atvinnurekenda, launþega og fagkennara í hverri grein. Flestar námsbrautir Tækniskólans veita markvissan undirbúning til ákveðinna starfa jafnframt því sem þær opna leiðir til áframhaldandi náms. Skipstjórnarskólinn og Véltækniskólinn starfa eftir vottuðu gæðakerfi ISO 9110:2000 og Tækniskólinn stefnir að vottun allrar kennslu við skólann.


Tækniskólinn hefur sameiginlega yfirstjórn, rekstrarráð, en önnur stjórnun skiptist milli fjölda undirskóla sem hafa faglegt sjálfstæði. Skólarnir eru: Byggingatækniskólinn, Endurmenntunarskólinn, Fjöldmenningarskólinn, Flugskóli Íslands, Hársnyrtiskólinn, Hönnunar- og handverksskólinn, Margmiðlunarskólinn, Raftækniskólinn, Skipstjórnarskólinn, Tæknimenntaskólinn, Tækniakademían, Upplýsingatækniskólinn og Véltækniskólinn. Tveir skólameistarar stýra Tækniskólanum.

Námsbrautir eru samtals 50 og í boði eru að jafnaði um 800 áfangar á önn. Nemendur eru um 1800 í dagskóla og 300 í dreifnámi auk nemenda sem sækja einstök námskeið við Endurmenntunarskólann.

Starfsmenn eru um 200. Skipurit skólans, starfslýsingar og upplýsingar um undirskóla Tækniskólans og áfanga er að finna í Námsvísi skólans sem og á heimasíðu hans.

Skólinn er áfangaskóli og skólaárinu skipt upp í tvær annir, vorönn og haustönn. Aðalbyggingar skólans á Háteigsvegi og Skólavörðuholti. Byggingartækniskólinn hefur auk þess aðstöðu á Skeljanesi við Skerjafjörð, Flugskóli Íslands er við Bæjarflöt í Grafarvogi og á Reykjavíkurflogvelli, hljóðtækni hefur verið kennd í húsnæði Sýrlands ehf. við Vatnagarða og prentun er kennd hjá Iðnú í Brautarholti.

Tækniskólinn gefur út skólanámskrá í samræmi við 22. og 23. grein laga um framhaldsskóla og almennan hluta aðalnámskrár. Námskráin er birt á heimasíðu skólans.



## 5 Stjórn skólans og stjórnendur

### 5.1 Eigendur og stjórn

Tækniskólinn er einkarekinn skóli og er rekstrarfélagið í eigu eftirtalinnna aðila: Landssambands íslenskra útvegsmanna, Samtaka iðnaðarins, Samorku, Samtaka íslenskra kaupskipaútgerða og Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík.

#### Stjórn:

Bolli Árnason	SI	stjórnarformaður
Friðrik Jón Arngrímsson	LÍÚ	varaformaður
Aðalheiður Héðinsdóttir	SI/Kaffitár	meðstjórnandi
Eiríkur Bogason	Samorka	meðstjórnandi
Finnbjörn Hermannsson	Samiðn	meðstjórnandi
Guðmundur Ragnarsson	VM	meðstjórnandi
Ylfa E. Jakobsdóttir	SI/Marel	meðstjórnandi

#### Varamenn í stjórn:


Sigurður Guðmundsson	Iðnaðarmannafélagið í Reykjavík
Garðar Jóhannsson	SÍK
Ingi Bogi Bogason	SI
Kristján Vilhelmsson	Samherji
Magnús Þór Ásmundsson	SI/Alcoa Fjarðaál

### 5.2 Stjórnendur og skipurit

Skólameistarar Tækniskólans eru Baldur Gíslason og Jón B. Stefánsson.

Aðstoðarstjórnendur eru Björg Jónsdóttir rekstrar- og fjármálastjóri, Guðmundur Páll Ásgeirsson námsstjóri og Halldór Hauksson áfangastjóri. Þessir stjórnendur mynda rekstrarráð skólans, sem heldur vikulega fundi.

Aðrir stjórnendur eru Gunnar Kjartansson gæðastjóri, Gunnar Sigurðsson umsjónarmaður fasteigna, Ómar Örn Magnússon deildarstjóri upplýsingatæknideildar, Ingibjörg Rögnvaldsdóttir forstöðumaður bókasafns- og upplýsingamiðstöðvar. Skólastjórnar eru 11.



## 6 Skólar Tækniskólans

Tækniskólanum, skóla atvinnulífsins er skipt upp í fjölda faggreinaskóla. Yfir hverjum skóla er skólastjóri. Skólastjórar einstakra skóla Tækniskólans annast faglega ábyrgð og stjórnun á námi við Tækniskólann og nær sú ábyrgð yfir skipulag kennslu og námsefnis, ráðningar kennara og ráðgjöf nemenda varðandi áfangaval. Skólastjórar ráða fagstjóra, verkefnisstjóra eftir eðli og umfangi skólans. Skólastjórar taka virkan þátt í daglegri stjórnun Tækniskólans og sitja vikulega fundi með rekstrarráði Tækniskólans.

### 6.1 Byggingatækniskólinn

Byggingatækniskólinn menntar iðnaðarmenn til starfa í byggingaiðnaði og einnig tækniteiknara sem starfa á teiknistofum. Í Byggingatækniskólanum eru fimm verknámsbrautir auk náms í tækniteiknun.


Nám á verknámsbrautum hefst á sameiginlegu einnar annar grunnnámi. Eftir það skiptist námið í: Húsasmíði, húsgagnasmíði, málaraiðn, múrsmíði og veggfóðrun. Nám í þessum greinum tekur að jafnaði fjögur ár með starfsþjálfun.

Tækniteiknara vinna sérhæfð teiknistörf og annast frágang og faglega umsjón með teikningum og tilheyrandi gögnum. Tækniteiknun er 109 eininga nám og tekur að meðaltali 6 annir í skóla. Tekist hefur á þessu ári að fá Háskólann í Reykjavík til þess að viðurkenna nám í tækniteiknun til jafns við iðnmenntun þannig að útskrifaðir nemendur í tækniteiknun geti sótt um í tækni- og verkfræðideild HR.

Byggingatækniskólinn hefur lagt ríka áherslu á að taka þátt í Íslandsmeistaramóti iðngreina og skapa þannig frekari metnað meðal nemenda fyrir eigin námi. Skólinn hefur sent nemendur í keppni í málaraiðn, vegg- og dúklögn ásamt trésmíði en þar er keppni á milli margra skóla og var fulltrúi skólans í trésmíði í öðru sæti árið 2012.

Byggingatækniskólinn hefur undanfarin ár verið í samstarfi við danska verkmenntaskóla og hefur þessi samvinna verið í formi nemendaskipta sem eiga sér stað á hverju skólaári. Samstarf þetta hefur verið mjög gefandi bæði fyrir nemendur og kennara ásamt því að auka víðsýni þessara aðila. Byggingatækniskólinn hefur undanfarinn ár verið í samstarfi við verkmenntaskóla í Kolding en nú er verið að undirbúa nemendaskipti við Tækniskólann í Kaupmannahöfn sem er mun stærri skóli sem kennir fleiri iðngreinar á byggingarsviði.

**Skólastjóri: Guðmundur Hreinsson.**



## 6.2 Endurmenntunarskólinn

Endurmenntunarskólinn hefur það hlutverk að efla og auka framboð í endur- og símenntun með þarfir atvinnulífsins að leiðarljósi. Auk þess að bjóða upp á viðbótar- og framhaldsnám fyrir þá sem hafa lokið starfsmenntun og/eða stúdentsprófi heldur Endurmenntunarskólinn fjölda námskeiða á hverju ári, jafnt starfstengd réttindanámskeið sem og tómsundanámskeið opin öllum.

Árið 2011 voru 98 námskeið kennd við Endurmenntunarskólann, þar af 17 ný námskeið. Þau eru: bókagerð – handgerðar bækur, ferilmöppugerð, lóðningarnámskeið fyrir Össur ehf., námskeið í notkun á iPhone/iPad, olíumálun, mósaík, myndlist, vatnslitun, skúlptúragerð, rafeindatekni smíðakennara, netkerfisstjórnun, rafræn afladagbók, þrívíddarhönnun – teiknimyndir, tölvuleikir og tæknibrellur, „After effects“ – videóvinnsla. Tölvuleikjagerð í þrívídd og svo var námskeiðið frá árinu áður þar sem körlum var kennt að greiða og binda hár dætra sinna yfirfært á ömmur og mömmur. Einnig var námskeið um þjóðgarðinn Vatnajökul.

Mörg námskeið Endurmenntunarskólans eru sívinsæl og hafa verið haldin um árabil, sum hver mörgum sinnum á hverri önn. Má þar nefna vélgæslunámskeið, smáskipa- og skemmtibátanámskeið, silfursmíði, málsuðu, trésmíði fyrir konur og gítarsmíði.

Dreifnám í Meistaraskólanum hefur fest sig í sessi og útskrifuðust í janúar 2012 fyrstu nemendurnir sem ekki þekkja til annarra kennsluhátta í iðnmeistaránámi. Unnið er að nýrri námskrá Meistaraskólans og stefnt að því að hún taki gildi haustið 2013.

Í Tækniakademíu Endurmenntunarskólans var lokið við gerð nýrrar námskrár í námi í lýsingarfræði og kennt samkvæmt henni haustið 2011. Ákveðið var að fara ekki af stað með nýjan hóp nemenda um haustið heldur láta tiltekinn nemendahóp ljúka tveggja ára námi áður en farið verður að stað með næsta nemendahóp. Námsleiðirnar þrjár: rekstur og stjórnun, útvegsrekstrarfræði og flugrekstrarfræði sem kenndar eru í samstarfi við Háskólann í Reykjavík voru allar kenndar.

Af starfsmannamálum Endurmenntunarskólans er það að segja að í upphafi ársins kom inn nýr verkefnastjóri, Marta Loftsdóttir, sem leysti af Huldu Orradóttur í fæðingarorlofi. Hulda sneri aftur til starfa, í 75% starfshlutfall, 1. nóvember. Skólastjóranskipti urðu í ágúst þegar Anna Vilborg Einarsdóttir fór í ársleyfi. Við starfi skólastjóra Endurmenntunarskólans tók Áslaug Maack Pétursdóttir.

**Skólastjóri: Áslaug Maack Pétursdóttir.**

## 6.3 Fjölmenningskólinn


Í Fjölmenningskólanum eru tvær námsbrautir, starfsnámsbraut (sérnámsbraut), nýbúabraut og auk þess er samvinnuverkefni við Janus endurhæfingu ehf.

Starfsnámsbraut býður upp á fjögurra ára nám fyrir nemendur sem stundað hafa nám í sérdeildum grunnskólanna eða notið mikillar sérkennslu á grunnskólastigi. Í boði er starfsnám í fataiðn SNF eða starfsnám í málmíðnaði SNM. Fjörutíu nemendur stunda nám á starfsnámsbrautinni á vorönn 2012.

Nýbúabraut. Í skólanum er öflugt tveggja ára nám fyrir nýbúa þar sem áhersla er á íslenskukennslu, en auk þess boðið upp á kennslu í ensku, tölvugreinum og stærðfræði. Nýbúabraitin er ætluð nemendum sem eru nýfluttir til landsins, vilja læra íslensku og auk þess laga þekkingu sína í ensku, stærðfræði og tölvugreinum að kröfum íslenskra framhaldsskóla. Á vorönn 2012 stunda 128 nemendur af 46 þjóðernum nám á brautinni.

Sú breyting varð á haustönn 2011 að kennsla allra áfanga á fyrsta og öðru stigi ÍSA102, ÍSA202 fluttist af Skólavörðuholti á Háteigsveg. Ástæðan var fyrst og fremst skortur á bóknáms kennslustofum á Skólavörðuholti. Reynslan af flutningnum er mjög góð og fyrirhugað að halda byrjenda kennslunni áfram á Háteigsvegi.

Janus endurhæfing ehf. er endurhæfingarúrræði í skólanum fyrir einstaklinga sem vegna heilsuþrengingar eru eða hafa þurft að hverfa frá vinnumarkaðnum eða úr námi og vilja komast út í atvinnulífið. Brautin er tengd




Fjölmenningskólanum varðandi kennslu og ýmsa þjónustu en starfar að öðru leyti sjálfstætt. Rúmlega 30 skjólstæðinga Janusar stunda nám á ýmsum brautum Tækniskólans.

Við Fjölmenningskólann starfa 3 kennarar í fullu starfi, allir við íslenskukennslu fyrir nýbúa, og 26 kennarar í hlutastarfi allt frá 2 kennslustundum á viku til tæplega fullrar stöðu. Stundakennararnir kenna ýmsar bóklegar og verklegar greinar, flestir á starfsnámsbrautinni.

Skólanámskrá fyrir nýbúabraut var samþykkt af Menntamálaráðuneytinu vorið 2010 og nú er unnið að skólanámskrá fyrir starfsnámsbraut og vonast til að unnt verði að senda hana til umsagnar til Menntamálaráðuneytis síðla árs 2012.

Til viðbótar þessu eru 6 mjög þjónustupungir þroskaheftir og einhverfir nemendur í einstaklings viðmiðuðu fjögurra ára námi við skólann. Til þessa hefur verkefnið verið rekið með samningi við Menntamálaráðuneytið til árs í senn, en nú á vorönn 2012 stefnir í að gerður verði 5 ára samningur um verkefnið. Nú eru starfandi 6 kennarar og þroskaþjálfar við þetta verkefni, auk fjögurra stuðningsfulltrúa.

**Skólastjóri: Fjölur Ásbjörnsson.**



## 6.4 Flugskóli Íslands

Flugskóli Íslands ehf. hefur kennsluréttindi, samkvæmt Evrópureglum JAA/EASA, til kennslu flugs frá grunni til atvinnuflugmannsréttinda. Skólinn sér einnig um endurmenntun flugmanna. Þá kennir skólinn einnig til réttinda flugumferðastjóra sem og flugfreyju og flugþjóna. Flugskóli Íslands ehf. sér um megnið af kennslu flugmanna og flugfreyja/þjóna fyrir íslensku flugfélögin sem eru traustur bakhjarl skólans. Þaðan koma margir kennarar sem kenna bæði bóklega og verklega kennslu við skólann. Skólinn hefur einnig séð um kennslu fyrir flugmenn frá erlendum félögum.

Flugskólinn er að Bæjarflöt 1-3 en þar fer fram bókleg kennsla og þjálfun fyrir flugfélögin og þar er jafnframt staðsettur nýr flughermir skólans og tæki og búnaður fyrir flugfélagþjálfun. Alls störfuðu um 50 launþegar við skólann auk verktaka flestir í hlutastörfum. Í atvinnuflugmannsnámi voru 24 nemendur 60 í einkaflugmannsnámi auk fjölda nemenda við önnur námskeið, þá eru ótaldir nemendur á vegum flugfélagann sem skipta hundruðum.

Verklega kennslan fer fram á Reykjavíkflugvelli þar sem er aðstaða fyrir bæði fyrir kennara og nemendur til undirbúnings flugs og kennslu.

Á árinu 2011 hófst nám í flugvélvirkjun í samvinnu Tækniskólann og Flugskólans og annast Flugskólinn framkvæmd námsins fyrir hönd Tækniskólans. Flugvélvirkjun hefur ekki verið kenna á Íslandi um árabíl þrátt fyrir að flugvélvirkjun sé löggilt iðngrein og haldin séu sveinspróf hérlendis. Mikill áhugi hefur verið á náminu og umsóknir um 22 sæti voru um 90 talsins. Nú þegar er orðið fullt á í næsta bekk sem hefst í september. Flugvélvirkjun og nám til atvinnuflugs

standa utan menntakerfisins hvað varðar fjárveitingar og hafa Tækniskólinn og Flugskólinn sameiginlega þrýst á að flugnám njóti jafnræðis við annað nám hvað varðar fjárveitingar og aðgang að náminu.

**Skólastjóri: Baldvin Birgisson.**

## 6.5 Hársnyrtiskólinn

Hársnyrtiskólinn menntar hársnyrta. Nám í hársnyrtið er fjölbreytt og starfssviðið margbætt. Grunnnámið á fyrstu tveimur önnunum veitir nemendum almenna þekkingu og innsýn í grundvallaratriði fagsins en síðan eru gerðar auknar kröfur til sjálfstæðis nemenda og sköpunarvinnu. Námið er skipulagt með það í huga að efla fjölbreytni nemenda þegar út í atvinnulífið er komið og auðvelda þeim að aðlagast tiskusveiflum markaðarins jafnframt því að auka möguleika á samvinnu við tengdar starfsstéttir.

Meðalnámstími er fjögur ár og fer fram að hluta í skóla og að hluta í samningsbundnu vinnustaðanámi.

Hársnyrtiskólinn hefur verið öflugur við að styrkja tengsl við atvinnulíf og fyrirtæki. Mikið er um að gestakennarar komi inn í kennslustundir og einnig fara nemendahópar í heimsóknir í fyrirtæki sem höndla með hárvörur.


Árið 2011 einkenndist af miklum krafti í skólanum þó að erfiðleikar nema við að komast á námssamning skyggi á. Við vorum ötul við að halda og taka þátt í keppnum. Innanskólakeppni í hári er árlegur viðburður hjá okkur og fóru einnig 2 nemendur frá okkur til Írlands þar sem IAHS (The International Association of Hairdressing Schools) hélt keppni og stóðu þau sig með þrýði. Við komum iðulega með verðlaun frá þessari keppni og greinilegt að við stöndum vel miðað við þær þjóðir sem mætast þar. Fyrir utan það hversu ánægjulegt og gefandi þetta er fyrir nemendur er einnig mjög dýrmætt fyrir kennara að hittast á þessum keppnum en þeir mynda góð tengsl enda er mikil áhersla lögð á dagskrá fyrir kennara og námskeið í tilefni af þessari árlegu samkomu sem við þó tókum ekki alltaf þátt í enda kostnaðarsamt.

Eftir að draumurinn um að fá nýtt og opnara húsnæði fyrir Hársnyrtiskólann á Háteigsvegi rættist ekki var ráðist í að bæta aðstöðuna á Skólavörðuholti. Fékk skólinn aukastofu til umráða sem gerði það að verkum að hægt var að útbúa góða litablöndunaraðstöðu fyrir nemendur. Hefur hún reynst mjög vel. Anddyrinu átti líka að breyta og koma upp vinnuborði fyrir nemendur og skipta út gólfdukkum. Ekki gekk eftir að ljúka þeim framkvæmdum og var þeim frestað til vors 2012.

Á haustönn var hafin tilraunakennsla á hársnyrtibraut eftir nýrri námskrá sem Menninga- og menntamálaráðuneytið hafði samþykkt en að baki henni liggur mikil vinna sem er enn í þróun.

Í desember var lagður grunnur að samstarfi allra Norðurlandanna við þróun og gerð umhverfissvænnar hársnyrtikennslu en mikil þörf er á aukinni þekkingu á því sviði í faginu. Stefnt er að gerð samræmdrar námsstefnu og aðferðafræði á þessu sviði í skólum landanna. Beðið er niðurstöðu vegna styrkumsóknar.

**Skólastjóri: Ragnheiður Bjarnadóttir.**



## 6.6 Hönnunar- og handverksskólinn

Nám í Hönnunar- og handverksskólanum undirbýr nemendur fyrir störf í faggreinum eða fyrir háskólanám á sviði hönnunar, arkitektúrs, handverks og/eða lista. Í Hönnunar- og handverksskólanum eru þrjár námsbrautir:

### Fataiðnbraut (fatatæknir, kjólasaumur og klæðskurður)

Fatatæknir er tveggja ára nám og er grunnur að áframhaldandi námi í kjólasaumi og klæðskurði. Nemendur nýta sér einnig möguleikann á að taka fatatækninn sem starfsnám til að ljúka stúdentsprófi. Kjólasaumur og klæðskurður er tveggja ára viðbótarnám við fatatækninn og að því námi loknu geta nemendur skráð sig í sveinspróf í iðninni.


### Gull- og silfursmíðabraut

er fjögurra ára nám og að því loknu geta nemendur skráð sig í sveinspróf í iðninni. Námið er jafnframt góður undirbúningur fyrir háskólanám í hönnunargreinum.

### Hönnunarbraut

Boðið er upp á nám með kjörsviðunum almenn hönnun og keramikhönnun. Nám á hönnunarbraut undirbýr nemendur fyrir áframhaldandi nám á háskólastigi. Námsstími er að jafnaði 6 annir. Í gangi er stefnumótunarvinna þar sem allt nám á hönnunarbraut er endurskoðað. Fyrrum nemendur brautarinnar hafa svarað könnun um námið og stefnumótunarfundir verið haldnir með atvinnulífinu og starfsfólki brautarinnar. Áætlað er að stefnumótunarynnunni ljúki á haustönn 2012 og endurskoðaðri námsbraut verði hrint úr vör haustið 2013.

Skólastjóri: Sigríður Ágústsdóttir.



## 6.7 Raftækniskólinn

Í Raftækniskólanum er veitt menntun í fimm iðngreinum: kvikmyndasýningarstjórnun, rafvirkjun, rafvélavirkjun, rafveituvirkjun og rafeindavirkjun. Grunnám rafiðna er 80 einingar og tekur að jafnaði 4 annir í skóla. Nemendur sem klára grunnám rafiðna geta öðlast réttindi í kvikmyndasýningarstjórnun að lokinni tólf vikna starfsþjálfun. Nemendur sem innritast í sérnám til sveinsprófs í rafeindavirkjun, rafveituvirkjun, rafvélavirkjun og rafvirkjun þurfa að hafa lokið grunnnámi rafiðna. Nám til sveinsprófs í rafiðngreinum tekur að jafnaði 4 ár með grunnnámi rafiðna og starfsþjálfun í sex til tólf mánuði eftir brautum.

Í Raftækniskólanum er einnig kennd hljóðtækni en það er ný braut og kennd í samvinnu við Stúdío Sýrland. Hljóðtækni er sextíu eininga nám, kennt vor, sumar og haust og geta nemendur þannig klárað námið á einu ári. Nemendur sem sækja um hljóðtækni þurfa að hafa lokið 60 einingum í framhaldsskóla og hafa reynslu eða menntun á sviði tónlistar.


Raftækniskólinn býður upp á hraðferð í grunnámi rafiðna. Sú braut er ætluð nemendum sem lokið hafa stúdentsprófi á náttúrufræðibraut og er tekur tvær annir í stað fjögurra.

Raftækniskólinn hefur jafnframt boðið upp á nám fyrir rafvirkja sem vilja klára rafveituvirkjun eða rafvélavirkjun. Það nám er í formi dreifnáms (fjarnáms) og er um að ræða 8 – 10 einingar ofan á rafvirkjanámið. Einn hópur rafveituvirkja útskrifaðist vorið 2011.

Mikil skörun er milli starfa í rafveituvirkjun, rafvélavirkjun og rafvirkjun og námið því að stórum hluta sameiginlegt. Sérhæfing hvorrar greinar á sér aðeins stað á lokaönn námsins sem og í starfsþjálfun á vinnustað.

Starfsmenn Raftækniskólans unnu við undirbúning og gerð skólanámskrár árið 2010 og var hún formlega samþykkt af starfsgreinaráði vorið 2011. Sama haust fékkst leyfi frá Menntamálaráðuneytinu til tilraunakennslu. Sprotasjóður styrkti verkefnið upp á 3 milljónir og Menntamálaráðuneytið um 800 þúsund í gegn um sjóð til námsefnisgerðar. Ný skólanámskrá gengur út á að sem mest af kennslu Raftækniskólans verði í formi verkefna. Jafnframt er stefnt að því að fella niður hefðbundið form á kennslu. Nemendur hafi aðgang að öllum verkefnum annarinnar og geti unnið þau á sínum hraða. Fyrirlestrar verði skipulagðir en engin stýring milli fyrirlestra og verkefnavinnu. Hverri önn verði skipt upp í þrjá hluta hver hluti er 6 vikur þar sem sjötta vikan er prófavika. Talað er um þrjár vörður á önninni og verður annarhugtakið ekki notað heldur frekar verði talað um fasa. Klári nemandi verkefni fyrstu vörðu vel fyrir prófaviku getur hann byrjað vinnu við verkefni næstu vörðu á eftir. Duglegir nemendur geta þannig unnið sér í hágin. Nemandi geti þannig verið kominn á verkefni annarrar annar þó hann sé á fyrstu önn. Því verður frekar talað um fasa en annir. Hafinn er undirbúningur þess að kennsla fari í verkefnastýrt nám og er jafnframt byrjað að huga að breytingum á húsnæði. Átta starfsmenn Raftækniskólans hafa unnið mikið undirbúningstarf og er reiknað með að megin breytingarferlið hefjist haustið 2012. Þeir hafa þróað hugmyndafræðina, gert tilraunaverkefni og leitað heppilegs kennslubúnaðar. Varðandi húsnæði þá verður þriðju hæð vesturálmu skólans breytt þannig að þar verði opið rými fyrir allt að eitt hundrað nemendur og munu nemendur geta unnið flest verkefni faggreina á því svæði. Kennsla samkvæmt nýrri skólanámskrá hefst á haustönn 2012 og byrjar í rafvirkjun og rafeindavirkjun.

**Skólastjóri: Valdemar G. Valdemarsson.**






## 6.8 Skipstjórnarskólinn

Skipstjórnarskólinn annast kennslu í greinum skipstjórnar til alþjóðlegra réttinda, allt frá skemmtibátum til farskipa að ótakmarkaðri stærð og farsviði. Nám til E. stigs varðskipadeildar er boðið reglulega í samvinnu við Landhelgisgæsluna. Auk þess annast skólinn kennslu allra réttindatengdra námskeiða fyrir skipstjórnarmenn. Nemendur fá stigvaxandi atvinnuréttindi með auknum loknum einingum, frá réttindum á báta að 24m, eftir tvær annir, til réttinda á skip að ótakmarkaðri stærð og farsviði eftir 8 annir. Nemendur frá Skipstjórnarskólanum starfa sem skipstjórnarmenn, stýrimenn og skipstjórar, á öllum gerðum skipa, hérlandis sem og erlendis, mismunandi eftir námi og réttindum.

Á árinu 2012 var skólanum gefinn Sea Star hugbúnaður til móttöku og úrvinnslu á gervihnattamyndum sem notaðar eru t.a.m. við uppsjávarveiðar. Kennsla á þann hugbúnað hefst á haustönn 2012. Einnig er verið að afla tilboða í endurnýjun á GMDSS fjarskiptahermi og hermi fyrir rafræn sjókort, ECDIS. Á vorönn 2012 voru útskrifaðir 38 nemendur, 1 af A stigi, 2 af C stigi, 14 af D stigi og 21 af E stigi.

Skólastjóri: Vilbergur Magni Óskarsson.



## 6.9 Tæknimenntaskólinn

Hlutverk Tæknimenntaskólans sem einingar innan Tækniskólans er að veita nemendum traustan grunn í bóklegum greinum sem eru nauðsynlegur hluti og undirstaða alls annars náms við Tækniskólann.

Ennfremur er það hlutverk Tæknimenntaskólans að gera nemendum allra annarra undirskóla Tækniskólans kleift að útskrifast með stúdentspróf frá Tækniskólanum.

Stúdentar frá Tækniskólanum hafa það fram yfir stúdenta af hefðbundnum stúdentsbrautum framhaldsskóla að þeir hafa aflað sér tvíþættrar menntunar þegar þeir útskrifast. Nám til stúdentsprófs er þannig byggt ofan á það sérsvið eða þá braut sem nemendur velja sér, svo sem almenna hönnun, tölvubraut, húsgagnasmíðabraut svo eitthvað sé nefnt.

Einnig geta nemendur útskrifast sem stúdentar af náttúrufræðibraut með sérhæfingu í flugtækni, raftækni, skipstækni eða véltækni.

Stefna Tæknimenntaskólans er að mæta nemendum þar sem þeir eru staddir og efla sjálfstæði þeirra og frumkvæði í anda þess hlutverks framhaldsskóla að stuðla að alhliða þroska nemenda og virkri þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi með því að bjóða hverjum nemanda nám við hæfi.

Á árinu 2011 var mikið unnið í nýrri námskrá Tæknimenntaskólans, þó vinnan við námskrána hafi ekki klárast á árinu. Henni lauk svo í febrúar 2012.

Ný raungrainastofa var tekin í notkun að hausti á Háteigsvegi sem var stórt framfaraskref í verklegri kennslu í eðlis-, efna-, líf- og náttúrufræði. Stofan er vel tækjum búin og aðstaða öll til fyrirmyndar. Í henni er hægt að sýna nemendum lifandi dæmi um þau fræði sem þeir eru að læra um í bóklegu tímunum og þannig bætt skilning og aukið áhuga.


Á opnum dögum í febrúar 2011 var kennsla brotin upp og margt gert. Í Tæknimenntaskólanum bar hæst Njálumarabon en þá lásu nemendur, kennarar, starfsfólk og gestir Njálu frá upphafi til enda. Lesið var á bókasöfnunum á Háteigsvegi og á Skólavörðuholti. Um leið söfnuðu nemendur fyrir Njáluferð.

Stöðupróf í ensku 102 og 202 og stærðfræði 102 og 122 voru haldin bæði vor- og haustönn, í annað og þriðja sinn í ensku, en fyrsta og annað sinn í stærðfræði. Tilgangur stöðuprófa er að meta hvort nemendur hafi kunnáttu til að fá umrædda áfanga metna ef þeir hafa ekki lokið þeim nú þegar. Vaxandi áhugi er á þessum stöðuprófum.

Vorið 2011 fékkst styrkur til að fara með hóp af nemendum í ferð til Danmerkur og Íslands til að kynna þar endurnýjanlegum orkugjöfum og líftækni. Þetta var samstarfsverkefni með dönskum menntaskóla. Danirnir komu til okkar haustið 2011 og nemendur okkar fóru til Danmerkur vorið 2012. Heilt yfir gekk þetta verkefni vel, nemendur smíðuðu vefsíðu um endurnýjanlega orkugjafa og fóru í heimsókn til margra fyrirtækja og stofnana.

Tæknimenntaskólinn hefur líka umsýslu með almennu námi fyrir raunfærninemendur. Fyrir það starf hefur Tæknimenntaskólinn og kennarar hans fengið mikið hrós, bæði frá nemendum sem og lðunni – fræðslusetri og fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins. Námsframboðið fyrir raunfærninemendur miðast við almennu greinarnar sem iðnaðarmenn þurfa að hafa og kennslufyrirkomulagið er í lotum.

**Skólastjóri: Kolbrún Kolbeinsdóttir.**



## 6.10 Véltækniskólinn

Skólinn býður vélstjórnarnám sem veitir alþjóðleg réttindi til vélstjórnar að uppfylltum kröfum um siglingatíma og starfsþjálfun, ásamt stúdentsprófi og grunnnámi málmíðna.

Nemendur fá stighækkandi réttindi eftir því sem líður á námið. Námið er sambland af almennum bóklegum áföngum og verklegum áföngum á sviði málmþækni, vélfræða, kælitækni, rafmagnsfræði, einnig er mikil áhersla á fræðilega þætti vélstjórnar sem kenndir eru í bóklegum áföngum. Nemendur fá þjálfun í meðferð véla og tæknibúnaðar á sérhæfðum verkstöðvum og í fullkomnum vélhermum.

Útskrifaður vélfræðingur öðlast réttindi til atvinnu um allan heim á skipum af öllum stærðum og gerðum, hvort heldur er við fiskveiðar, flutninga eða á stærstu farþegaskipum, að öðrum kröfum uppfylltum. Réttindanámið skiptist í fjögur réttindaprep, VA réttindi að 750 kW, VB réttindi að 1500 kW, VC réttindi að 3000 kW og VD réttindi – vélfræðingur. Nemendur sem útskrifast sem vélfræðingar, útskrifast einnig sem stúdentar og hafa því greiðan aðgang að raungreinadeildum háskólanna. Vélfræðingar hafa gott orð á sér sem háskólanemendur vegna reynslu sinnar úr starfsnámi og færni við að takast á við flókin verkefni og leysa þau farsællega.

### Kennarar

Miklar breytingar hafa orðið á starfsmannahaldi Véltækniskólans á undanförunum árum. Sjö kennarar hafa látið af störfum og þrír hafa hætt vegna aldurs. Þrír nýir kennarar voru ráðnir til skólans á haustönn. Allir vélstjórnarmenntaðir, sem er lágmarkskrafa hjá skólanum til fagkennara.

Eitt af markmiðum Véltækniskólans er að hafa vel menntaða kennara og þar af helst 2-3 tæknifræðinga eða verkfræðinga og við höfum auglýst eftir fólki með slíka menntun í upphafi hverrar annar undanfarið.

### Nemendur

Góð og vaxandi aðsókn er að skólanum og því miður höfum við þurft að vísa mörgum frá vegna þess að við höfum ekki heimild til að taka alla þá nemendur inn sem við viljum og reyndar ekki heldur aðstöðu til að fjölga nemendaplássum vegna þrengsla.


### Nýr búnaður og nýr áfangi

Véltækniskólinn reynir að vera í fremstu röð hvað kennslu og búnað varðar. Í maí veitti Akkur, styrktar- og menningarsjóður VM, Véltækniskólanum kr. 3.000.000,- styrk til kaupa á hugbúnaði og hermi fyrir tölvustýrðar iðnvélar.

Skólinn keypti Esprit – CAD-CAM hugbúnað, til kennslu fyrir 12 nemendur. Þessi hugbúnaður gerir notendum mögulegt að teikna/hanna vinnslustykki í CNC renni eða fræsivélar og Nemendur öðlist grunnþekkingu á virkni og notkun tölvustýrðra iðnaðarvéla og geta smíðað grip samkvæmt teikningu í tölvustýrðri iðnaðarvél. Í stað senda verkefni út á raunverulegar vélar, eru flutt yfir í HAAS vélaskjá, sem er hermir með vali fyrir vinnslu í rennibekk eða í fræsivél.

### Kjarnaskóli

Véltækniskólinn er kjarnaskóli í vélfræðinámi og hefur frumkvæði að fundum með skólum sem sinna vélfræðimenntun. Einn kjarnaskólafundur var haldinn á árinu og þar var fjallað um margvísleg efni sem snertir alla skóla sem sinna menntun vélstjóra. Helstu viðfangsefni fundarins voru: IMO – STCW samþykktina og kröfur sem eru gerðar samkvæmt henni til skóla sem hyggjast taka upp kennslu til alþjóðlegra vélstjórnarréttinda. Einnig var fundarmönnum kynnt námskrárgerð Tækniskólans samkvæmt núverandi lögum um framhaldsskóla og hvernig þau mál standa í skólum Tækniskólans. Hugmyndir Véltækniskólans um vélvirkjun sem hluti af B- réttindum vélstjóra var



rædd á fundinum og var almenn ánægja með þá stefnu skólans að leita eftir að nemendur geti lokið B- réttindanáminu með sveinsprófi.

Nokkuð hefur borið á því að skólar líti svo á að námskeið til vélstjórnarréttinda á smáskipum sé hluti af öðru námi til vélstjórnarréttinda og því komi þetta námskeið til styttingar á frekara námi til réttinda. Á fundinum var farið yfir þetta og leiðrétt. Hægt er að bæta við námskeiðið skilgreindu 7 eininga námi til 24 m réttinda og það nám er hluti af öðru námi vélstjóra og metið sem slíkt.

### Fagráð Vél-tækniskólans

Fagráð Vél-tækniskólans hefur ótvírætt haft góð áhrif á samskipti skólans við vinnuveitendur og faggreinar og við finnum mikinn velvilja og skilning á starfi skólans, sem við rekjum beint til aðkomu fyrirtækja og fagstétta að skólanum. Á fundum förum við yfir stöðu skólans, fjölda nemenda, hvernig gengur að veita öllum menntun við hæfi og hvernig skólanum tekst að þjónusta nemendahópin almennt. Ráðið er upplýst um hvernig skólastarfið gengur og ráðsmenn taka upp mál varðandi skólann sem eru rædd og skoðuð.


Á fundum ráðsins er farið yfir námskrár og einstök fög og ábendingar og hugmyndir um það sem betur má fara eru ræddar. Einnig er mikill áhugi hjá fagráðsmönnum á verknámi utan skólans og hvort ekki sé hægt að taka einhvern þátt þess sem starfsþjálfun til sjós. Einn mikilvægur þáttur í starfi fagráðsins eru upplýsandi skoðanaskipti milli fundarmanna um faglega þætti sem eru til umræðu utan skólans og geta haft töluverð áhrif á þróun hans og stefnu.

Fagráðið er án vafa mikilvægur þáttur í eflingu skólastarfsins og samþættingu við atvinnulífið og í því sambandi er mjög æskilegt að ráðsmenn verð enn duglegri að koma með hugmyndir og tillögur að endurbótum á búnaði og benda á hvernig líkleg sé að tækjabúnaður þróist.

### Skrúfudagur Vél-tækniskólans:

Vél-tækniskólinn hélt málstofu á Skrúfudeginum 2011, en yfirskrift þess var: Hvernig nýtist menntunin við fjölbreytt störf og frekara nám. Markmiðið var að fá svar við því hvernig þeir sem treysta á kunnáttu og störf vélstjóra meta hæfni þeirra og þekkingu. Reyndur skipstjóri, vélfræðingur sem jafnframt er verkfræðingur hjá orkufyrirtæki, útgerðarstjóri, vélstjóri á vinnumarkaði og vélfræðingur í háskólanámi fluttu framsöguerindi og svöruðu fyrirspurnum úr sal. Samandregnar niðurstöður málstofunnar voru að almennt hafi vélstjórar breiða menntun og eigi auðvelt með að endurnýja þekkingu sína og takast á við krefjandi verkefni. Í framhaldsnámi séu vélstjórar almennt vel settir, en efla þurfi raungreinakenndu vélfræðinga.

### Skólastjóri: Egill Guðmundsson.



## 6.11 Upplýsingatækniskólinn

Upplýsingatækniskólinn býður upp á skapandi nám sem byggist á hugmyndavinnu, hönnun og upplýsingatækni, tekur mið af nýjum tímum og nýrri tækni við framsetningu upplýsinga og miðlun þeirra og vinnur í nánu samstarfi við atvinnulífið og háskólastigið. Í Upplýsingatækniskólanum eru þrjár námsbrautir:

### Upplýsinga- og fjölmiðlabraut

Menntar fólk til starfa við allar hliðar á nútíma fjölmiðlun. Þar má nefna bókaútgáfu, blaðaútgáfu og netmiðlun, allt eftir því hvaða sérsvið er valið. Í náminu er fjallað um grafíska hönnun og framsetningu efnis fyrir prent-, net- og skjámiðla. Áhersla er m.a. á prentsmíð, týpógrafiú og grafíska hönnun, umbrot, margmiðlun og textameðferð, stafræna uppbyggingu mynda og litstýringu, vefsmíðar og viðmótshönnun sem og útlitshönnun fyrir sjónvarp og netmiðla. Brautin tekur mið af nýjum tímum og nýrri tækni við framsetningu upplýsinga og miðlun þeirra.

Nemendur innritast fyrst í sameiginlegt grunnnám en að því loknu er hægt að velja milli fjögurra sérsviða. Það eru grafísk miðlun, bókband, prentun og ljósmyndun sem allt eru löggiltar iðngreinar. Að skólanámi loknu getur tekið við framhaldsnám af ýmsu tagi eða starfsþjálfun sem leiðir til sveinsprófs. Grunnnámið er 67 einingar og tekur þrjár til fjórar annir, en hvert sérsvið er 21 eining.

Á sérsviði í ljósmyndun héldu nemendur bæði einkasýningar og samsýningar á lokaverkefnum og var mikil gróska í starfinu. Nemendur í ljósmyndun og grafískri miðlun tóku þátt í Íslandsmóti iðngreina og kepptu saman sem teymi og stóðu sig afar vel.

### Dreifnám

Dreifnám í grunnnámi upplýsinga- og fjölmiðlagreina hefur undanfarin ár gengið vel og verið eftirsótt og nú er svo komið að nokkur hluti nemenda sem innritast á sérsvið í ljósmyndun og grafíska miðlun hafa lokið grunnnáminu alfarið í dreifnámi. Þó ekki hafi verið gerð formlega könnun á námsárangri þeirra og þekkingu í samanburði við þá nemendur sem luku grunnnáminu í dagskóla, virðist ekki vera munur þar á.

### Tölvubraut

Markmið tölvubrautar er að nemendur öðlist haldgóða þekkingu á sem flestum sviðum tölvutækninnar. Tölvubrautinni er ætlað það hlutverk að vera ávallt í forystu í kennslu tölvufræða á framhaldsskólastigi í íslenskum framhaldsskólum. Nemendur sem ljúka þessari braut hafa öðlast hagnýta menntun í tölvufræðum sem opnar þeim mörg störf. Nemendur sem kjósa að halda áfram og búa sig undir framhaldsnám á háskólastigi (t.d. tölvunarfræði eða hugbúnaðarverkfræði) fá mjög góðan grunn á þeim vettvangi tölvufræða sem þeir kjósa að sérhæfa sig í og stúdentspróf sem er sniðið að kröfum viðtökuskóla.

Nám á tölvubraut er skipulagt þannig að nemendur innritast fyrst í sameiginlegt grunnnám en að því loknu geta þeir valið mismunandi námsleiðir, s.s. forritun, vefsmíðar, gagnasafnsfræði og netfræði. Tölvubrautin er 111 eininga nám.



Gaman er að geta þess að nemendur tölvubrautar stóðu sig afar vel í Forritunarkeppni framhaldsskólanna, náðu þar nokkrum sigursætum að venju.

Skólastjóri og nokkrir kennarar Tölvubrautar eru meðlimir í Skýrslutæknifélaginu og fá allar upplýsingar sendar um starf þess félags sem er leiðandi í umræðu og umfjöllun um upplýsingatækni í samfélaginu.

### Margmiðlunarskólinn

Nám í margmiðlun er fjölbreytt og starfssviðið margþætt. Margmiðlunarskólinn veitir nemendum almenna þekkingu og innsýn í grundvallaratriði margmiðlunar í heild en nemendur velja sér ákveðin sérsvið á seinni stigum námsins, s.s. tölvuleikjagerð, þrívíddarvinnslu, viðmótshönnun og hreyfimyndagerð.

Inntökuskilyrði í Margmiðlunarskólann eru að nemendur hafi lokið stúdentsprófi eða prófi af starfsnámsbraut. Skipulag námsins miðar að fjölbreytni nemenda þegar þeir hefja störf að námi loknu og að því að þeir eigi auðvelt með að aðlagast breytingum á vinnumarkaði jafnframt því að auðvelda samvinnu milli ólíkra faghópa og starfsstétta. Margmiðlunarskólinn er nám á 4. stigi og er námstíminn fjórar annir. Á haustönn var Margmiðlunarskólinn skilinn frá Upplýsingatækniskólanum og of færður undir Tækniakademíuna sem nám á 4. þekkingarþrepi og lýtur skólinn stjórn verkefnastjóra.

### Nýjar námskrár


Vorið 2010 fékkst leyfi mennta- og menningarmálaráðuneytis til tilraunakennslu tveggja nýrra námskráa í Upplýsingatækniskólanum. Það voru námskrár tölvubrautar og upplýsinga- og fjölmiðlabrauta sem samdar voru á grundvelli nýrra framhaldsskólalaga. Kennsla í þessum námskrám hófst svo haustið 2010 og hefur gefið góða raun. Lagðar til ýmsar breytingar frá núverandi námskrám, í nýrri námskrá upplýsinga- og fjölmiðlagreina er til dæmis gert ráð fyrir lengingu sérsviða, þ.e. hinna fjögurra löggiltu iðngreina: bókbands, grafískrar miðlunar, ljósmyndunar og prentunar, í tvær annir í stað einnar.

Í desember árið 2011 fékkst síðan samþykki ráðuneytisins fyrir tilraunakennslu námskrár í grafískri miðlun og ljósmyndun sem innifelur lengingu í tvær annir í skóla (40 einingar) og í staðinn er starfsþjálfunin stytta um hálf ár.

Mikið þróunarstarf var unnið í Upplýsingatækniskólanum í tengslum við innleiðingu þessara nýju námskráa. Ýmsar tilraunir hafa verið gerðar í kennslutilhögun og allt nám er verkefnastýrt. Námsmat er að mestu leyti símat og leiðsagnarmat og ferilmöppur eru lagðar til grundvallar innritunar á sérsvið í ljósmyndun og grafíska miðlun sem og í Margmiðlunarskólann.

Það að tilraunakenna nýjar námskrár þýðir í raun að skólinn er í stöðugu endurmati og í stöðugri samræðu um kennsluaðferðir og námsmat, markmið og hæfnikröfur. Má segja að skólinn hafi því undanfarin ár verið suðupottur fyrir nýjar hugmyndir og skólaþróun.

Upplýsingatækniskólinn lauk við að skrifa stefnumótun sína (manifesto) á árinu 2011.



## Stefnumótun (manifesto) Upplýsingatækniskólans:

### Námið

- Metnaðarfullt nám í takt við þarfir markaðarins og nemandans á hverjum tíma.
- Nám sem svarar kröfum samfélagsins og er ávallt í forystu tæknilega og faglega.
- Nemendum býðst góð og fjölbreytt menntun í upplýsingatæknigreinum.

### Ímynd skólans

- Skapandi nám fyrir fjölhæfa nemendur sem byggist á hugmyndavinnu, hönnun og upplýsingatækni.
- Í Upplýsingatækniskólann er hægt að fá menntun sem er eins góð og mögulegt er á hverjum tíma.
- Nemendur upplifa sig sem þátttakendur í skólasamfélagi Upplýsingatækniskólans
- Kennsla, námsgögn og aðbúnaður nemenda er ávallt eins og best verður á kosið.


### Hæft starfsfólk

- Metnaðarfullir kennarar sem nota nýjustu aðferðir í kennslu og hafa afburða þekkingu á sínu sviði.
- Mikið samstarf er við atvinnulífið og áhersla lögð á símenntun kennara.

### Stjórnun

- Náið samstarf og samvinna er milli starfsmanna og stjórnenda og boðleiðir stuttar.
- Ákvarðanatáka er lýðræðisleg og nemendur hafðir með í ráðum þar sem við á.
- Starfsfólki gert kleift að þróast í starfi.

Skólastjóri: Bjargey Gígja Gísladóttir




## 7 Ýmsar tölulegar upplýsingar um skólahald

Skólaárið 2010 voru alls í námi í Tækniskólanum, skóla atvinnulífsins 2632 nemendur í dagskóla, fjarnámi, kvöldnámi og dreifnámi. Frá árinu 2009 hafði þeim fækkað úr 2864 eða um 264. Þessi fækkun stafar mest af niðurskurði eininga til náms utan dagskóla en ráðuneytið skar framlög til náms utan dagskóla um 50% fyrir árið 2010. Einnig varð nokkur fækkun á dagskólanum vegna lækkunar á ríkisframlagi og skertum einingafjölda. Mesta fækkun í einstaka skóla var í Byggingatækniskólanum en þar fækkaði nemendum dagskóla um 17% á milli ára.

### 7.1 Yfirlit yfir nemendafjölda á einstökum brautum í dagskóla 2009 og 2010

#### Dagskóli 2011

Skóli	Braut nemenda	2009	2010	2011
Byggingatækniskólinn	Almenn námsbraut Byggingatækniskólans	0	3	12
	Grunnnám tréiðna	34	15	16
	Húsasmíði	111	92	69
	Húsgagnasmíði	14	33	50
	Málaraiðn	44	37	37
	Múriðn	34	25	18
	Tækniteikun	83	61	55
	Veggfóðrun og dúkalagnir	5	3	1
<b>Byggingatækniskólinn Samtals</b>		<b>324</b>	<b>267</b>	<b>256</b>
Fjölmenningskólinn	Almenn námsbraut nýbúa	126	102	90
	Starfsnám	41	40	39
<b>Fjölmenningskólinn Samtals</b>		<b>166</b>	<b>142</b>	<b>129</b>
Hársnyrtiskólinn	Almenn námsbraut Hársnyrtiskólans	0	5	21
	Hársnyrtideild	126	127	109
<b>Hársnyrtiskólinn Samtals</b>		<b>126</b>	<b>132</b>	<b>130</b>
Hönnunar- og handverksskólinn	Almenn námsbraut Hönnunar- og handverksskólans	0	5	17
	Fataiðn	41	34	27
	Fatataknir	68	96	107
	Gull- og silfursmíði	24	27	21
	Keramikhönnun	10	6	5
	Listnámsbraut	139	102	81
	Listnámsbraut hraðferð	38	43	40
	Myndlistaskólinn	22	43	46
	Stúdentspróf list- og starfsbrauta	0	1	1
<b>Hönnunar- og handverksskólinn Samtals</b>		<b>340</b>	<b>355</b>	<b>343</b>
Raftækniskólinn	Almenn námsbraut Raftækniskólans	0	2	7
	Grunnnám rafiðna	122	103	97






	Grunnnám rafiðna Hraðferð	22	14	9
	Rafeindavirkjun	34	48	57
	Rafveituvirkjun	0	1	0
	Rafvirkjun	42	53	44
<b>Raftækniskólinn Samtals</b>		<b>218</b>	<b>219</b>	<b>212</b>
<b>Skipstjórnarskólinn</b>	Almenn námsbraut Skipstjórnarskólans	0	1	1
	Skipstjórnarskólinn	66	77	86
<b>Skipstjórnarskólinn Samtals</b>		<b>66</b>	<b>77</b>	<b>86</b>
<b>Tæknimenntaskólinn</b>	Almenn braut	75	18	11
	Janus endurhæfing	22	22	26
	Náttúrufræðibraut	15	12	11
	Náttúrufræðibraut - raftækni	1	4	9
	Náttúrufræðibraut - skipstækni	1	1	0
	Náttúrufræðibraut - véltækni	5	3	1
	Náttúrufræðibraut-flugtækni	76	49	38
	Stúdentspróf af list-og starfsbrauta	17	24	30
	Tæknibraut	2	0	0
<b>Tæknimenntaskólinn Samtals</b>		<b>212</b>	<b>130</b>	<b>125</b>
<b>Upplýsingatækniskólinn</b>	Almenn námsbraut Upplýsingatækniskólans	0	5	22
	Ljósmyndun	17	12	16
	Margmiðlunarskólinn	64	58	63
	Prentsmíð	25	37	37
	Prentun	5	4	0
	Tölvubraut	220	226	230
	Upplýsinga- og fjölmiðlabraut	169	159	127
<b>Upplýsingatækniskólinn Samtals</b>		<b>499</b>	<b>499</b>	<b>495</b>
<b>Véltækniskólinn</b>	Almenn námsbraut Véltækniskólans	0	1	2
	Grunnnám málmíðna	7	13	4
	Véltækniskólinn	177	178	184
<b>Véltækniskólinn Samtals</b>		<b>184</b>	<b>192</b>	<b>190</b>



#### Dreifnám 2011

Skóli	2009	2010	2011
Byggingatækniskólinn	135	63	48
Raftækniskólinn	51	28	39
Skipstjórnarskólinn	55	67	96
Tæknimenntaskólinn	24	27	10
Upplýsingatækniskólinn	73	42	44
Véltækniskólinn	41	19	28
Tækniakademían- Meistaraskóli	303	247	215
Tækniakademían- annað nám	áður talið	57	56
<b>Alls</b>	<b>682</b>	<b>548</b>	<b>548</b>





## 7.2 Brottfall árið 2011

Afföll af einingum hefur verið að lækka á undanförunum árum. Frá árinu 2008 hefur það lækkað um þrjú prósentustig. Markmið skólans er að lækka það enn frekar. Viðmið í afföllum eininga er hversu margar einingar eru við upphaf skólastarfs á hverri önn og hversu margar einingar skila sér til prófs. Ástæður þess að afföll eininga eru minni eru margar en þar má nefna að nemendahópurinn hefur verið að styrkjast og heildarviðvera nemenda í skólanum að batna.




## 7.3 Kynjahlutfall í Tækniskólanum 2010

Ójafnvægi er í hlutfalli karla og kvenna í Tækniskólanum. Eins og sést á myndinni hér fyrir neðan eru enn sterkar „karla og kvenna“ greinar og þokast lítið í átt til jafnræðis í þeim greinum. Hlutfall kvenna í skólanum í heild árið 2010 var 35,9% og hafið lækkað úr 36,4% árið 2009 þannig að heldur stefnir í öfuga átt.



#### 7.4 Meðalaldur nemenda Tækniskólans 2008 - 2010



## 7.5 Brautskráningar

Árið 2011 útskrifuðust alls frá Tækniskólanum, skóla atvinnulífsins 494 nemendur úr 12 skólum með alls 552 skírteini. Úr reglulegu framhaldsskólanámi útskrifuðust 357 af 28 brautum en úr Tækniakademíunni 137 nemendur.

Verðlaun fyrir besta heildarárangur í dagskóla á vorönn 2011 hlaut Skúli Már Sigurðsson úr Byggingatækniskólanum og fyrir næstbesta heildarárangur Þorgeir Auðunn Karlsson af tölvubraut Upplýsingatækniskólans.

Á haustönn 2011 hlaut Guðmundur Pétur Gunnlaugsson í Tæknimenntaskólanum verðlaun fyrir bestan heildarárangur í dagskóla og Jóhannes Guðjónsson Raftækniskólanum fyrir næstbesta heildarárangur.



Fleiri nemendur fengu viðurkenningu fyrir góðan námsárangur, en ýmis fyrirtæki og félög úr atvinnulífinu veita verðlaun þeim nemendum sem þykja skara fram úr á sinni braut. Við hverja útskrift eru veitt á bilinu 25-30 viðurkenningar af ýmsum toga.

Úr Tækniakademíunni útskrifuðust alls 105 nemandi af 7 mismunandi námslínnum. Þær eru, hljóðtækni, Margmiðlunarskólinn, lýsingarfræði, lýsingarhönnun, diplómanám í rekstri og stjórnun, mótun og Meistaraskólinn. Veitt voru verðlaun fyrir góðan árangur í öllum greinum.

*Útskrift Margmiðlunarskólans V 2011*

## 7.6 Áfangastjórn

### Innritun og töflugerð

Áfangastjóri hefur yfirumsjón með innritun, fjölda nemenda, kennslumagn og skipting þess milli skóla. Kennslumagni er úthlutað til skólastjóra sem skipta kennslu innan sinna skóla og leggja grunninn að stundatöflugerðinni. Í samvinnu við SKÝRR (nú Advanía) hefur verið unnið að þróun á töflugerðarluta Innu með það að markmiði að hver skóli geti verið sjálfstæður í stundatöflugerð.

### Þróunarstarf

Á árinu 2011 var unnið að verulegum endurbótum á innritunarvef dreifnáms í samvinnu við SKÝRR, þessum breytingum lauk að mestu fyrir innritun á haustönn 2011.

Í samvinnu við bókasafn voru á haustönn 2011 unnar tillögur að breyttri og samræmdri uppsetningu á heimasiðum skólanna og uppsetningu á síðu fyrir áfangastjórn sem inniheldur allt útgefið efni á vegum áfangastjórnar. Gert er ráð fyrir að þessum breytingum verði lokið fyrir upphaf haustannar 2012

### Viðveruskráning og skólasókn

Til viðbótar við það starf sem unnið er í samvinnu við námsstjóra og námsráðgjafa vegna eftirlits með skólasókn og námsárangri sendir áfangastjórn vikulega yfirlit til skólastjóra með upplýsingum um óskráða viðveru einstakra kennara. Á föstudögum er öllum nemendum ásamt forráðamönnum nemenda undir 18 ára sent yfirlit yfir skólasókn annarinnar í tölvupósti

**Áfangastjóri: Halldór Hauksson**

## 7.7 Námsstjórn

### Námsráðgjöf

Starfandi hafa verið tveir námsráðgjafar í fullu starfi við Tækniskólann, sinna þeir námsráðgjöf við nemendur allra undirskóla Tækniskólans, dagnám og dreifnám. Einnig taka þeir virkan þátt í kynningum á skólanum út á við og skipuleggja heimsóknir nemenda grunnskóla í skólann. Einn námsráðgjafanna hefur yfirumsjón með mati á námi úr öðrum skólum. Vegna þátttöku Tækniskólans í átakinu Nám er vinnandi vegur vorið 2011 fékkst styrkur til ráðningar námsráðgjafa til tveggja ára. Sinnir hún almennri námsráðgjöf við skólann en er sérstakur umsjónaraðili

nemendahópsins sem tekinn var inn í átaksverkefninu. Styrkti þetta námsráðgjöfina og er nú einn námsráðgjafi að mestu staðsettur á Háteigsvegi og tveir á Skólavörðuholti.

### Eftirlit með skólasókn

Í samvinnu við áfangastjóra er fylgst með skólasókn nemenda. Nemendum sem ekki hafa náð tilskyldum lágmarksárangri á liðinni önn þrátt fyrir sæmilegar mætingar er gefinn kostur á að gera sérstakan samning við námsstjóra um skólasókn og er síðan fylgst sérstaklega með skólasókn þeirra. Foreldrar ólöggráða nemenda í þessum hópi koma að gerð samninganna og eftirfylgni þeirra.

### Kennslustjórnun

Námsstjóri sér um samræmingu á reglum um skipulag kennslu og námsmats og yfirfer allar kennsluáætlanir á hverri önn í þeim tilgangi í samráði við skólastjóra. Þessu tengjast umræður um kennslu- og námsmatsaðferðir sem eru sífellt í endurskoðun í samræmi við þróun skólans.

### Foreldraráð

Við skólann er starfandi foreldraráð. Hittist það nánast mánaðarlega á starfstíma skólans og fjallar um nemendamál og samskipti foreldra og skólans. Starf foreldraráðs var mjög lifandi árið 2011.

### Námskrángerð

Árið 2011 var unnið áfram í námskrángerð og endurskoðun þeirra námskráa sem þegar var fengin heimild til að tilraunakenna. Í tilraunakennslu voru námskrár fataiðngreinanna fatatækni, kjólasaums og klæðskurðar, hársnyrtigreina, nýbúabrautar, tölvubrautar, upplýsinga- og fjölmiðlagreina en það eru grunndeild upplýsinga- og fjölmiðlagreina og sérgreinarnar grafísk miðlun og ljósmyndun. Heimild fékkst til tilraunakennslu rafiðngreina og voru hún í undirbúningi á haustönn 2011. Lokahönd var lögð á samningu námskrár Tæknimenntaskólans á haustönn 2011 og var hún tilbúin til sendingar í Menntamálaráðuneytið undir áramót.

**Námsstjóri: Guðmundur Páll Ásgeirsson**

## 8 Sjálfsmat og innra eftirlit

### 8.1 Gæðakerfi

Grunnhugsunin á bak við gæðakerfi er að unnið sé að stöðugum umbótum á allri starfsemi skólans, að ferlar skólans séu gegnsæir og þjónusta við nemendur sé eins og best verði á kosið. Það er ein af forsendum framþróunar að menn hugi stöðugt að endurbótum.

Alþjóðlegar samþykktir frá IMO, sem Ísland og þar með skólinn er aðili að, og lög frá Alþingi gera kröfur á skólann um vottað gæðakerfi skólans. Rökrétt er því að Skipstjórnarskólinn og Véltækniskólinn vinni eftir slíku kerfi. IMO gerir kröfu um úttekt á gæðakerfinu á fimm ára fresti eða oftár. Þessi úttekt er gerð af utanaðkomandi, óháðum aðila.

Tækniskólinn hefur vottun ISO 9001:2008 fyrir hluta þess náms sem í skólanum er boðið og er ytri vottun framkvæmd á 6 mánaða fresti af Vottun hf. Tækniskólinn hefur þegar innleitt marga af þýðingarmestu ferlum sem snúa að kennslu og skipulagi kennslu þvert á alla skóla innan Tækniskólans. Tækniskólinn í heild stefnir að formlegri vottun allrar kennslu innan tveggja ára.

Gæðakerfi skólans á að tryggja að skólinn uppfylli þær þarfir og væntingar sem nemendur og aðrir viðskiptavinir hafa til hans. Gæðakerfið er leiðarvísir um kennsluferli skólans, hver gerir hvað, hvernig og hvenær. Þetta ferli er stöðugt endurbætt og tekið út tvisvar á ári. Með gæðakerfi er verið að lýsa hvernig skólinn starfar og tryggja að unnið sé eftir þeim vinnureglum sem þar eru settar. Innihald gæðakerfis skólans er í Rekstrarhandbók hans sem opin er öllum í gegnum heimasíðu skólans, [www.tskoli.is](http://www.tskoli.is).



Á árinu 2011 fór mikil vinna í endurgerð og innleiðingu á ferlum sem snúa að vali og innritun nemenda ([VKL-202](#)), próftöflu og stundatöflugerð ([VKL-217](#)) og er ferlið sett fram á tímalínu. Einnig var unnin heildarendurskoðun á verklagi um námsmat og prófhald ([VKL-306](#)) sem tryggir að allt námsmat og framkvæmd lokaprófa fari að settum reglum skólans og fari einnig eftir Aðalnámskrá framhaldsskóla – almennum hluta frá maí 2011. Innleiðing þess verklags tók gildi frá og með vorönn 2012.

Einnig var verklagi um námskeiðahald ([VKL-304](#)) breytt talsvert ásamt verklagi um hönnum og umbót áfanga, námsbrauta og námskeiða ([VKL-303](#)). Allt verklag skólans er síðan tekið út á hverju ári í innri úttektum og þannig fylgst með því hvort unnið sé eftir skráðu verklagi og því breytt eða aðlagð ef þörf þykir.

## 8.2 Kennslumat

Samkvæmt rekstrarhandbók skólans (gæðahandbók) er kennslumat framkvæmt meðal nemenda í skólanum á hverri önn og svara þeir spurningum á Námsnetinu, námskerfi Tækniskólans, um áfanga og kennslu. Spurningalisti er fyrirfram ákveðinn og skólameistari samþykkir með undirskrift sinni á útprentaðan lista. Spurningasettið er svipað milli ára og er framkvæmdin á ábyrgð námsstjóra.

Nemendur svara kennslumati á Námsneti skólans og er könnunin opin í eina viku. Þegar könnunin er lokið er opnað fyrir matið og það birt kennurum og heildarniðurstöður matsins eru settar á heimasíðu skólans. Skólastjórar ræða niðurstöður kennslumatsins á miðannarmatsfundum sem er sjálfstætt ferli [VKL-205 Frammistaða starfsmanna](#). Nemendum gefst kostur á að svara tíu spurningum um áfanga sem þeir sitja. Svarmöguleikar eru fimm.


Spurningarnar eru td. :

1. Er framsetning námsefnis vel eða illa skipulögð ?
2. Gefur kennsluáætlun skýra eða óljósa mynd af því sem ætlast er til af þér í áfanganum ?
3. Hjálpa verkefni áfangans þér mikið eða lítið við að ná tökum á námsefninu?
4. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með námsefni áfangans?
5. Hversu vel eða illa finnst þér kennarinn koma námsefninu til skila?
6. Dagnám: Finnst þér kennarinn vera stundvís eða óstundvís. Dreifnám: Bregst kennarinn fljótt (1-3 dagar) eða seint (7 dagar eða meira) við fyrirspurnum?
7. Skilar kennarinn verkefnum og prófum yfirförnum fljótt (innan viku) eða seint (meira en átta dögum eftir skil)?
8. Ertu ánægð(ur) eða óánægð(ur) með samskiptin við kennarann?
9. Hversu mikið eða lítið fylgist kennarinn með námi þínu?
10. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með kennsluna?
11. Annað sem þú vilt koma á framfæri:

### Tækniskólinn

#### Kennslumat - meðaltalseinkunn (Einkunn 1-5)

	haust 2008	2009	2010	2011	Meðaltal
Byggingatækniskólinn	3,71	4,29	4,37	4,31	4,17
Hársnyrtiskólinn	4,44	4,54	4,57	4,48	4,51
Hönnunar- og handverksskólinn	4,36	4,34	4,31	4,34	4,34
Raftækniskólinn	4,06	4,07	4,09	3,96	4,05
Skipstjórnarskólinn	4,32	4,38	4,23	4,25	4,29
Tæknimenntaskólinn	3,93	3,87	4,04	4,04	3,97
Upplýsingatækniskólinn	4,25	4,30	4,36	4,11	4,26
Véltækniskólinn	3,82	4,16	4,14	4,07	4,05
Fjölmenningskólinn	4,23	4,28	4,45	4,35	4,33
<b>Tækniskólinn meðaltal</b>	<b>4,12</b>	<b>4,25</b>	<b>4,29</b>	<b>4,21</b>	<b>4,22</b>



### 8.3 Miðannarmat

Kennarar framkvæma miðannarmat á sama tíma og kennslumat nemenda fer fram. Á hverri önn fer fram miðannarmat í Tækniskólanum. Nemendur svara spurningum um kennsluna í einstökum áföngum og kennarar gefa nemendum vitnisburð um stöðu þeirra í hverjum áfanga fyrir sig. Vitnisburðurinn byggir fyrst og fremst á því námsmati sem þegar hefur farið fram í viðkomandi áfanga.

Vitnisburður á miðannarmati er gefinn í bókstöfum.

A = Ágætt. Nemandanum gengur ákaflega vel.

B = Í lagi. Nemandinn hefur tök á efninu en má ekki slá slöku við.

C = Ábótavant. Nemandinn þarf að taka sig á til að ná áfanganum.

X = Ekki forsendur til að gefa vitnisburð.

Miðannarmatið er hvatning til þeirra nemenda sem fá C að ganga af kappi í það að læra og leita aðstoðar hjá kennara eða námsráðgjafa til þess að skipuleggja námið í áfanganum. Þeir sem fá B eru hvattir til að slá ekki slöku við og helst að bæta árangurinn enn frekar. Þeir sem fá A eru hvattir til að halda áfram á sömu braut og gefa hvergi eftir.

### 8.4 Innra rýni

Skólameistarar í samvinnu við stjórnendur skólans ber ábyrgð á og hafa frumkvæðið í vinnunni með rýni stjórnenda, að unnið sé að stöðugum umbótum á allri starfsemi skólans og að unnið sé eftir þessu ferlum rekstrarhandbókar. Þar sem rekstrarráð er jafnframt gæðaráð skólans þá tvinnast gæðamál og önnur dagleg rekstrarmál skólans saman í heildarrekstur.

Rýni stjórnenda er sérstakur rekstrarráðsfundur sem er boðaður í lok hverrar annar. Til að undirbúa rýni stjórnenda tekur gæðastjóri saman skýrslu um: Samantekt og greiningu á öllum frábrigðum, ábendingum/kvörtunum, úrbótum og forvörnum sem fram hafa komið á önninni.

Einnig er farið yfir gæðastefnu og markmið og metin þörf á auðlindum og umbótum. Nauðsynlegar aðgerðir og verkefni eru ákvarðaðar og settar á verkefnislista einstakra stjórnenda samkvæmt verklagi framkvæmdaráðs.

Skólameistarar fylgir öllum verkefnum á verkefnislista stjórnenda eftir, en sér sérstaklega til þess að gæðatengdar aðgerðir fari í réttan farveg.

Atriði til mælinga	Markmið mælinga	Mælistika	Viðmið			Mæling		
			2008	2009	2010	2011	2012	2013
<b>Kennsal og nám</b>								
Afföll skráðra eininga	Verði undir 15%	INNA - áramót	18,62%	16,53%	15,63%	15,56%		
Hlutfall staðinna eininga	Verði yfir 75%	INNA - áramót	71,28%	73,55%	75,44%	84,44%		
Vægi lokaprófa minnki	30% á þremur árum	INNA - áramót	Nýtt	46%	47%	42%		
Notkun ferilmöppu sem hluta námsmats	30% á ári	Kennsluáætlanir	n/a	n/a	Nýtt	2012		
<b>Þróun námsbrauta</b>								
Nýjar/endurskoðaðar námsbrautir á öllum brautum	Amk 4 á ári	Talning um áramót	n/a	n/a	15	4		
Nýjar námsbrautir á 4. stigi	Amk 3 á þremur árum	Talning um áramót	n/a	n/a	Nýtt	1		
Fjölga nemendum sem ljúka 4. stigi	20% á þremur árum	Inna - áramót	n/a	303	303	271		
<b>Mannauður</b>								
Viðhorfskannanir - 1 könnun á ári víxl kstarfsmenn/nemendur	Kanna viðhorf	Skýrsla	Nem	Starfs.	Nem.	Nem.		
Heildarmiðurstöður kennslumats	Yfir 4	Skýrsla	4,12	4,27	4,30	4,22		
Niðurstaða áfangahluta kennslumats	yfir 4	Skýrsla	n/a	n/a	Nýtt	4,17		
<b>Rekstur</b>								
Tekjur aðrar en opinber framlög og nemendagjöld	10% á þremur árum	Fjárhagsyfirlit	11,5%	13,3%	15,5%	15,50%		
Meðalnýting í kennsluhópum	yfir 90% á hverju ári	Skýrsla	83,30%	86,85%	90,00%	101%		
Hlutfall launakostnaðar af heildartekjum	Undir 90%	Fjárhagsyfirlit	75,30%	77,69%	75,90%	75,00%		
Gæðakerfi ISO 9002 í allan skólann	Komið á 2014 vottað	Vottunarskjal	Skip+Vél	Í gangi	Í gangi	Í gangi		

## 9 Félagslíf Nemenda

Félagsmálafulltrúi starfar með nemendum að uppbyggingu og rekstri Nemendasambandsins og er tengiliður við skólameistara. Rekstur og ábyrgð á nemendafélögunum breyttist mikið með nýjum framhaldsskólalögum frá Menntamálaráðuneytinu sumarið 2008. Með lögum voru nemendafélög færð undir ábyrgð framhaldsskóla, sem þýðir meðal annars að starfsfólk skólanna sér um bókhald þeirra og í skaðabótamálum yrði skólinn ábyrgur. Félagsmálafulltrúi er Hulda Birna Baldursdóttir.

### 9.1 Nemendasamband Tækniskólans

Nemendasamband Tækniskólans (NST) fékk ný lög á árinu og var í þeim skerpt á hlutverki sambandsins annars vegar og skólafélaganna sem starfandi eru í hverjum skóla hins vegar. Í öllum skólum Tækniskólans voru starfrækt skólafélög og voru mörg þeirra ágætlega virk. Skólafélög Tækniskólans eru í:

- Byggingartækniskólanum
- Fjölmenningskólanum
- Flugskóla Íslands, nefnt TF-NEF
- Hársnyrtiskólanum
- Hönnunar- og handverksskólanum, nefnt Skissa
- Raftækniskólanum
- Skipstjórnarskólanum, nefnt Nemendafélag stýrimanna
- Tæknimenntaskólanum
- Upplýsingatækniskólanum
- Véltækniskólanum, nefnt SVIR
- 


Formenn skólafélaganna mynda Nemendasamband sem fundar reglulega. Markmið Nemendasambandsins er að taka stærri ákvarðanir sem snúa að NST og skólafélögunum. Stjórn NST er kosin í almennri kosningu. Kosið er til formanns, gjaldkera, ritara, meðstjórnanda og skemmtanastjóra. Auk þess tilnefna formenn skólafélagana tvo úr sínum hópi í stjórn NST. Auglýstir voru stofnfundir ráða og nefnda eins og skemmtinefndar, leikfélags, ljósmyndanefndar og svo framvegis. Þessi ráð og nefndir hafa það hlutverk að virka eins og stuðningshópar í skipuriti NST. Sá greinarmunur hefur verið gerður á nefnd og ráði að nefnd hefur skyldum að gegna gagnvart NST en ráð eru hugsuð eins og áhugamannaklúbbar sem geta starfað með stuðningi NST. Nefndir hafa þá greiðari aðgang að styrkjum frá NST en takmark var sett á fjárstyrki til ráða að upphæð 50.000 krónur. Í lok hverrar annar gefur félagsmálafulltrúi þeim nemendum sem verið hafa í forsvari fyrri félagsstörf 1-3 einingar fyrir störf sín í samráði við formenn félaga, klúbba og ráða.

### 9.2 Fjármál NST

Á árinu var styrkur skólans til NST að upphæð 6.000.000 kr.- og greiddur í jöfnum hlutföllum á vorönn og haustönn. Fjármálastjóri Tækniskólans sá um gjaldkerastarfið, í þeim tilgangi að hafa góða yfirsýn yfir fjármálin og til þess að jafna útteilingu fjármagns til Nemendasambandsins og skólafélaganna. Styrknum til skólafélagana er deilt niður eftir fjölda nemenda. Þurfi skólafélag ekki að nýta allan styrkinn á skólaárinu er honum skilað til baka til NST, þannig að öll skólafélög byrja á núllinu hvert haust. Rekstur NST var í ágætu jafnvægi og hallalaus.

### 9.3 Aðstaða NST

Aðstaða Nemendasambandsins er góð bæði á Háteigsvegi og á Skólavörðuholti. Á bókasafngangi á 5. hæð á Skólavörðuholtinu er skrifstofa félagsmálafulltrúa, skrifstofa stjórnar NST og Sturtuklefinn sem er fundarými fyrir nemendur. Þar er einnig lítil kaffistofa sem rekin er af NST. Á Háteigsvegi eru skólafélögin 3 sem þar hafa aðsetur hvert með sína skrifstofu. Á Skólavörðuholti er hljóðeinangrað tónlistarherbergi á 1. hæð þar sem nemendur hafa aðgang að 2 kassagíturum, rafmagnsbassa, trommusetti og litlu söngkerfi. Þar er fyrir tölva með Protocols upptökubúnaði sem gerir hljómsveitum í Tækniskólanum kleift að taka upp lög með tveimur hljóðnemum. Nemendur hafa aðgang að íþróttasal sem skólinn leigir og er þar spilaður fótbolti alla fimmtudaga. Einnig er í skólanum lítil líkamsræktarstöð þar sem nemendur geta mætt nánast þegar þeim hentar ef þeir verða sér úti um aðgangskort. Þessi líkamsræktarstöð er líka notuð af starfsfólki TS.





#### 9.4 Viðburðir

- Nýnemakvöld sem tókst mjög vel, þar sem nemendur fengu Candyfloss, kynning var á nemendafélögum og Ari Eldjárn kom og var með uppistand.
- Þátttaka í undankeppni Paintballmóts framhaldsskólanna
- Undankeppni Söngkeppni framhaldsskólanna sem haldin var í Hátíðarsal með 10 keppendum.
- Lan-mót skólans voru haldin bæði vor og haust og gengu afar vel. Þátttaka var um 120 manns á hvoru móti.
- Þátttaka í skipulagningu opinna daga á vorönn. Þar sem nær 60 nemendur komu að skipulagningu. NST greiddi laun allra aðkeypra skemmtikrafta og fyrirlesara.
- 2 kósíkvöld voru haldin í matsal Skólavörðuholtssins á skólaárinu þar sem tónlist var spiluð og auk þess sem fönðurhorn á Jólakósí sló rækilega í gegn.
- Fyrir utan þessa upptalningu voru haldnar fjöldamargar uppákomur á vegum skólafélaganna. Ætla má að þær hafi verið yfir 40 talsins, vísindaferðir, bíóferðir, fönðurvöld, árshátíðir undirskóla og fleira.
- Þátttaka í keppnum á vegum skólans eins og forritunarkeppni, lógókeppni.
- Lokaball var haldið með Borgó og FÁ á skemmtistaðnum NASA, Reykjavík þar sem 550 nemendur skemmtu sér vel.

## 10 Samvinna og tengsl við atvinnulífið

### 10.1 Nýjar trésmíðavélar keyptar í Byggingatækniskólann



Undirritaður var kaupsamningur við Iðnvélar ehf. um kaup á fjórum nýjum trésmíðavélum. Um er ræða afréttara, þykktarhefil, bandsög og tölvustýrðan borðfræsara en segja má að kominn hafi verið tími á að endurnýja þessar vélar.

Þessar breytingar á vélakosti gera það að verkum að hægt verður að kenna allar greinar í húsasmíði í viðkomandi vélasal auk þess að um er ræða mjög nemendavænar vélar.

Trésmíðafélag Reykjavíkur og Meistarafélag Reykjavíkur veittu myndarlegan styrk til kaupanna.



### 10.2 Vél-tækniskólinn hlaut styrk frá Akki

Akkur - Styrktar- og menningarsjóður vélstjóra og vélfræðinga - veitir styrki til rannsókna, brautryðjenda- og frumkvöðlastarfs annars vegar og til menningarmála og listsköpunar hins vegar.



Véltækniskólinn hlaut styrk að upphæð kr. 3.000.000,- til kaupa á CNC hugbúnaði fyrir tölvustýrðar iðnvélar. Véltækniskólinn reynir að vera í fremstu röð hvað kennslu og búnað varðar. Rennismiði er ein af þeim greinum sem miklar tækniframfarir hafa orðið í á undanförunum árum og áratugum, en skólinn kennir aðeins á hefðbundna rennibekki og fræsivélar. Markmið Véltækniskólans er að efla þennan þátt í náminu og kynna nemendum og þjálfara þá í þeirri tækni sem nýjust er í þessari grein.

### 10.3 Varanleg aðstaða til sveinsprófs í málaraiðn í Tækniskólanum



Fimmtudaginn 19. maí sl. var uppgerð og bætt aðstaða í málaraeild Byggingatækniskólans formlega vígð. Er þar komin varanleg aðstaða fyrir sveinspróf í málaraiðn sem stórbætir um leið kennsluáðstöðu.

Sveinsprófsnefnd í málaraiðn leitaði til nokkurra aðila um stuðning við verkefnið og tóku Málarameistarafélagið, FIT - félag iðn og tæknigreina, Flügger litir og Málning hf þátt í verkefninu auk IÐUNNAR fræðsluseturs og Byggingatækniskólans sem leggur til aðstöðu á jarðhæð í húsi Tækniskólans við Skólavörðuholt.

Við vígsluna afhenti Þorsteinn V. Sigurðsson formaður Málarameistarafélagsins Byggingatækniskólanum aðstöðuna til varðveislu og notkunar við kennslu. Guðmundur Hreinsson skólastjóri Byggingatækniskólans tók til máls og þakkaði fyrir þetta góða framtak.

## 11 Brot af umfjöllun um skólann og starfsemi hans í fjölmiðlum

Á árinu var mikli umfjöllun og góð um Tækniskólann í öllum gerðum miðla. Það er mikils virði að skólinn sýni vel hvað nemendur og kennarar eru að fást við. Stefna skólans hefur verið að hvetja nemendur og kennara til að vera sýnileg með það sem fer fram í skólanum.

### 11.1 Verðlaun fyrir sveinspróf í rafiðnum afhent



Sýlvía Dagsdóttir útskrifaðist af rafeindavirkjunarbraut Raftækniskólans vorið 2011:

Að þessu sinni voru það tvær ungar konur, þær Ágústa Ýr Sveinsdóttir rafvirki og Sýlvía Dagsdóttir rafeindavirki, sem náðu bestum árangri og ekki bara í einum hluta heldur hrepptu þær öll verðlaunin, þrenn hvor. Þetta er í fyrsta skipti í sögu rafiðnaðarins sem tvær konur ná bestum árangri í öllum hlutum sveinsprófanna í báðum greinunum á sama tíma. Fréttin og myndin er tekin af rafis.is

### 11.2 Ljósmyndanemi selur myndir til H & M

Gíga Dögg Einarsdóttir, nemi í ljósmyndun í Upplýsingatækniskólanum, hefur í tvígang selt sænska verslunarrísanum Hennes & Mauritz myndir eftir sig. Myndirnar prýða stuttermaboli sem fást í verslunum H&M um allan heim, en myndefnið er íslenski hesturinn. Myndirnar hennar Gígu fást í myndabankanum Getty Images en þar festi H&M kaup á myndunum.



### 11.3 Forvarnardagurinn í Tækniskólanum

Forvarnardagsins var minnst í Tækniskólanum, 5. október 2011, með því að kalla saman um 50 sextán ára nemendur, þar sem þau hlýddu fyrst á erindi Harðar Oddfríðarsonar, frá SÁÁ, um mikilvægi þess að sleppa/fresta því að drekka. Því næst tóku fjögur ungmenni á aldrinum 17-19 ára til máls, sem aldrei hafa drukkið, og lýstu þau því hvers vegna þau hafa valið að drekka ekki og hvernig þau m.a. fara að því að standast þrýstinginn frá félögum sínum. Líflegar umræður spunnust og tóku margir nemendur okkar til máls. Meðfylgjandi myndir voru teknar meðan á dagskránni stóð



### 11.4 Nemandi í Tækniskólanum var annar keppandi í sigurliðinu "Tveir harðir"



Tækniskólinn „átti“ annan keppandann í sigurliðinu *Tveir harðir* í keppni véla- og iðnaðarverkfræðinema sem fram fór í Háskólabíói 4. febrúar síðastliðinn. Nemandinn okkar er Jón Björgvin Jónsson nemandi í Vél-tækniskólanum.

Keppnin fór nú fram í tuttugasta sinn en var með nýju sniði þannig að þetta var útsláttarkeppni. Að lokum reyndu með sér þau tvö lið sem slegið höfðu alla andstæðinga sína úr keppni.

Liðin sem kepptu stilltu tækjum sínum hvert á móti öðru en liðinu sem sigraði tókst að ná í stáltening á miðju keppnisborði. Sigurliðið kallaðist "Tveir harðir" en í því voru þeir Saulius Genutis, nemi í byggingarverkfræði við Háskóla Íslands, og Jón Björgvin Jónsson úr Vél-tækniskólanum.

### 11.5 Útskriftarsýning nema í Hönnunar- og handverksskólanum



Útskriftarsýning Hönnunar- og handverksskóla Tækniskólans var opnuð laugardaginn 19. febrúar í Gallerí Tukt, Hinu Húsinu Pósthússtræti 3-5. Sýningin stóð til 5. mars og nemendur sýndu ýmis verkefni frá námsferli sínum.

Hér á síðunni má sjá nokkrar myndir frá opnuninni



## 11.6 Ljósmyndasýning í tilefni af 300 ára afmæli Skúla fógeta



Í tilefni af 300 ára afmæli Skúla fógeta höfðu nemendur ljósmyndasérsviðs Tækniskólans rannsakað hans tíma með aðstoð Minjasafns Reykjavíkur.

Miðvikudaginn 23. febrúar kl 16:00 opnuðu þau sýningu á niðurstöðunum í Fógetastofum, Aðalstræti 10.


## 11.7 Njálumaraðon á opnum dögum



Nemendur í efri áföngum íslensku við Tækniskólann stóðu fyrir Njálumaraðoni fimmtudaginn 3. mars og söfnuðu fé fyrir ferð á Njáluslóðir. Þeir lásu *Brennu-Njáls sögu* frá upphafi til enda og stóðu sig á allan hátt með mikilli þrýði. Sögunni var skipt í tvennt og hlutarnir tveir lesnir samtímis á bókasöfnum skólans á Skólavörðuholti og Háteigsvegi, frá klukkan níu um morguninn og frameftir degi. Steingrímur J. Sigfússon, fjármálaráðherra, las fyrsta kaflann á Skólavörðuholti í forföllum Katrínar Jakobsdóttur, mennta- og menningarmálaráðherra og leysti hann það verk vel af hendi.

## 11.8 Leyndarmálið

Teiknimyndin Leyndarmálið er útskriftarverkefni úr Margmiðlunarskólanum sem unnið var af Sunnu Björk Mogensen og Helgu Lóu Kristjánsdóttur í samvinnu við samtökin Réttindi barna. Verkefnið tók rúmlega eina önn í vinnslu en notuð var svipuð tækni í þessari mynd eins og í fjölmörgum þekktum kvikmyndum, svo sem *Lord of the Rings*, *Avatar* ofl. Þessi tækni sem á ensku kallast Motion Capture eða MoCap er einungis kennd í Margmiðlunarskólanum þar sem þar er eina stúdíóið sinnar tegundar á landinu.



Þær Sunna og Helga Lóa hönnuðu útlit myndarinnar og sáu um alla tæknilega vinnu. Sunna vinnur nú hjá teiknimyndafyrirtækinu Caoz við framleiðslu á þrívíddarmyndinni Þór og Helga Lóa hyggur á frekara nám.

## 11.9 Tækniskólinn sigraði í forritunarkeppni framhaldsskólanna



Hópur nemenda úr Tækniskólanum sem kallar sig „We're just here for the pizza“ bar sigur úr bítum í Forritunarkeppni framhaldsskólanna sem haldin var í Háskólanum í Reykjavík. Alls tóku 14 lið frá Tækniskólanum þátt í keppninni, samtals 39 keppendur. Þetta var í 10. skiptið sem keppnin var haldin. Aðalskipuleggjendur keppinnar eru Háskólinn í Reykjavík og Nýherji.

Liðið „We're just here for the pizza“ fór með sigur af hólmi í Alpha-deildinni, sem er erfiðasta deildin. Tækniskólanemendur áttu einnig liðin sem urðu í 2. og 3. sæti Alpha-deildar; „Code Ninja“ og „3/0=42“



Code Ninja



3/0=42



Í Beta-deild hrepti liðið „tEAM KONNI“ lið Tækniskólanema 3. sæti



Í Delta-deild hrepti liðið „Glas“, lið Tækniskólanema 3. sæti

Sigurvegarar Alpha-deildarinnar fengu að launum niðurfellingu skólagjalda fyrstu annar við tölvunarfræðideild HR og flakkara frá Nýherja. Aðrir verðlaunahafar keppninnar voru leystir út með glæsilegum verðlaunum frá Nýherja. Á meðal verðlauna má nefna myndavélar, flakkara, minnislykla og heyrnatól. Einnig vann liðið Konzilla lógókeppni liðanna

### 11.10 Hársnyrtinemendur vinna til verðlauna á árlegum viðburði IAHS á Írlandi





Tveir nemendur Hársnyrtiskólans kepptu í Cork á Írlandi og hrepptu tvönn gullverðlaun og ein silfurverðlaun!

Keppnin er árlegur viðburður IAHS sem eru alþjóðleg samtök hársnyrtiskóla og er haldin víða um heim, árið 2009 héldum við hana hér í Tækniskólanum.

Ásta Sigurðardóttir og Ólög Eyjólfsdóttir kepptu fyrir okkar hönd að þessu sinni og fékk Ásta gullverðlaun fyrir dömuklippingu sína auk þess sem hún vann ásamt félagum sínum „Team event“ sem er liðakeppni en Ólafar hópur fékk silfurverðlaun í því sama. Þetta er frábær frammistaða hjá þeim og nemendur og kennarar Hársnyrtiskólans eru að vonum að springa úr stolti. Einnig kepptu þær í ævintýragreiðslu, uppgreiðslu á síðu hári og herraklippingu þar sem þær stóðu sig einnig frábærlega vel.

Team Event er sá partur keppinnar þar sem nemendur frá ólíkum þjóðum eru settir saman í hóp með ákveðið þema og þeir eiga að útfæra atriði með því að vinna hvert á öðru með greiðslur, förðun, búninga og semja atriði sem þeir sýna svo frammi fyrir dómurum. Þemað var „the fifties“.

### 11.11 Samvinnuverkefni Leonardo um endurnýjanlega orkugjafa



Þessa dagana stendur yfir Leonardo samvinnuverkefni þriggja landa. Nemendur frá Finnlandi og Þýskalandi hitta hóp nemenda Raftækniskólans og munu þeir vinna saman að uppsetningu sýningar í Hátíðarsal Tækniskólans að Háteigsvegi um endurnýjanlega orkugjafa „Renewable Energies“. Samhliða verður sýning um upplýsingatækni „Information Technology in Our Daily Life“.

Sýningarnar voru í 3 daga í apríl. Þetta var stór hópur, samtals þrjátíu og fimm manns og mikið var um að vera.

Sýningarnar voru að jafnaði forvitnilegar og voru nemendur á staðnum til að útskýra það sem fyrir augu ber. Íslenski hópurinn kynnti umdeilda tækni sem gengur út á orkusparnað í bifreiðum með vetnisinnspýtingu inn á loftinntak véla frá Thor Energy Solutions. Jafnframt var virkni heimahitaveitu útskýrð og vangaveltur um sjálfbæra orkugjafa fyrir bifreiðar á Íslandi.

### 11.12 Dagur vann!



Dagur Sigurðsson, nemandi í Upplýsingatækniskólanum sigraði í söngkeppni framhaldsskólanna 2011. Keppnin var haldin í Akureyri laugardaginn 9. apríl. Þar flutti Dagur bítlalagið vinsæla Helter Skelter undir íslenska heitinu Vitskert vera, en Dagur þýddi textann sjálfur.

Við óskum Degi innilega til hamingju með sigurinn!

Hægt er að hlusta á Dag flytja lagið í söngkeppninni á vefnum visir.is

### 11.13 Fjölmenningskólinn og Comeniusar-verkefnið



Fjölmenningskólinn hefur um tveggja ára skeið tekið þátt í Comeniusar-verkefni, ásamt nokkrum skólum og stofnunum hér í Reykjavík, svo og í Asturias á Norður-Spáni. Hópur Spánverja kom í heimsókn í Tækniskólann í dag 12. apríl til að kynna sér starfsemi Fjölmenningskólans, svo og framlag nýbúakennaranna Steinunnar Bjarkar og Guðlaugar, sem þær munu jafnframt kynna fyrir Spánverjunum þegar þær fara utan í maí, ásamt nokkrum öðrum Íslendingum.

Verkefnið snýr að foreldraforeldrasamstarfi og er aðaláherslan lögð á að kynna skólann, svo og íslenskt skólakerfi, fyrir foreldrum nýbúa. Kynningarefnið verður þýtt yfir á nokkur tungumál og þess má til gamans geta að nemandi skólans í grafískri miðlun var ráðinn til að sjá um útlit kynningarinnar.

### 11.14 Margmiðlunarskólinn á tímamótum



Haustið 2011 flutti Margmiðlunarskólinn í nýtt og glæsilegt húsnæði Tækniskólans við Háteigsveg. Þar verður frábær aðstaða sem hæfir framsæknum skóla, meðal annars green screen, MoCap, hljóðver og góð aðstaða fyrir nemendur í skapandi starfi.

Margmiðlunarskólinn er í fararbroddi kennslu í margmiðlun, margmiðlunarhönnun, hreyfimyndagerð og vefforritun. Mikil áhersla er á skapandi vinnu, tölvuleiki og tæknibrellur fyrir kvikmyndir og náminu lýkur með krefjandi lokaverkefni og sýningu.

Skólinn vinnur náið með helstu fyrirtækjum í þessum greinum svo sem CCP, Framestore og Caoz. Við bjóðum nýja nemendur velkomna til leiks með frábærum hópi kennara og nemenda.

### 11.15 Tækniskólinn í fremstu röð

Tímaritið Frjáls verslun lét vinna samantekt um íslenska framhaldsskóla þar sem skólarnir eru bornir saman í sautján ólíkum flokkum, s.s. aðsókn, menntun kennara, raungreinar, tungumál, félagslíf o.fl. Í öllum flokkum liggja til grundvallar opinber eða auðfánleg gögn.



Samkvæmt samantektinni er Tækniskólinn í 4. sæti, á eftir Menntaskólanum í Reykjavík, Menntaskólanum við Hamrahlíð og Verzlunarskóla Íslands. Könnunin var unnin af stærðfræðingnum Pawel Bartoszek og er þetta í fyrsta sinn sem slík könnun er gerð hér á landi.

Nánar má lesa um niðurstöðurnar í Frjálsri verslun, 3. tbl. 2011.

### 11.16 Unglist - Tískusýning fataiðndeildar Tækniskólans



Unglist - Tískusýning fataiðndeildar Tækniskólans var laugardaginn 5. nóv. kl. 20:00 í innilauginni í Laugardalslaug við Sundlaugarveg

Nemendur af fataiðnbraut í Hönnunar- og handverksskóla Tækniskólans sýndu föt sem þeir saumuðu undir handleiðslu kennara og eftir hugmyndum úr nýjstu tískublöðum eða úr þeirra eigin hugskotum.

### 11.17 Myndbandasamkeppni Forvarnardagsins

Sigurmyndböndin í Myndbandasamkeppni Forvarnardagsins voru kynnt á Bessastöðum í nóvember. Myndböndin þrjú röðuðust þannig:

1. **Ekki byrja of snemma** (sjá á YouTube) eftir Bjarna Þórarinsson;
2. **Bekkur í strand** (sjá á Youtube) eftir Snorra Hertervig, nema í Tækniskólanum;
3. **Áfengi og heili** (sjá á YouTube) eftir Gunnar Agnarsson, Viktor Daða Einarsson og Einar Ólaf Vilmundarson.

Fjöldi myndbanda bárust í keppnina og má sjá 60 þeirra á netinu á facebook.com/forvarnardagur. Framlag nemenda í keppninni sýnir enn og aftur hvað Ísland má vera stolt af unga fólkinu sínu, frumkvæði þess og metnaði. Greinilegt er að mikil vinna var lögð í gerð myndbandanna og var verkefni dómnefndar sannarlega ekki auðvelt. Höfundar þeirra tóku við verðlaunum úr hendi forseta Íslands.

## 12 Rekstrarsvið – stoðþjónusta

### 12.1 Umsjón húsnæðis

Markmið húsnæðisþjónustu er að tryggja að öll starfsemi í húsnæði Tækniskólans uppfylli, með árangursríkum hætti, sett markmið um þjónustu við starfsfólk, nemendur og aðra notendur húsanna.

Að húsnæðið sé í samræmi við kröfur um aðbúnað og hollustuhætti. Að húsnæðið sé ávallt til reiðu, í góðu og þrífalegu ástandi þannig að starfsemi skólans verði framkvæmd með skilvirkum hætti og án hindrana.

#### Húsnæði í rekstri

Húsnæði skólans er á eftirtöldum 4 stöðum og er um 20 þúsund fermetrar að stærð:

Skólavörðuholt – Aðalbygging, Vörðuskóli

Háteigsvegur - Sjómannaskólahús, Vélahús, Rafmagnshús

Skeljanes – múrdeild og bygging sumarhúsa

Brautarholt 8 – prentdeild

Lagnakerfamiðstöðin - Keldnaholti

#### Breytingar og viðhald á húsnæði 2011

##### Skólavörðuholt

- Vörðuskóli steinaður að utan, þak endurnýjað og lagfært, vatnslagnir endurnýjaðar
- Hársnyrtialma – bætt loftræsting, endurnýjuð litablöndunaraðstaða og vinnuaðstaða nemenda bætt


##### Háteigsvegur

- Ný náttúru-, eðlis- og efnafræðistofa á jarðhæð
- Nýtt kennslurými fyrir Margmiðlunarskóla á jarðhæð

### 12.2 Bókasafn og upplýsingamiðstöð

Bókasafn og upplýsingamiðstöð Tækniskólans er á tveimur stöðum, á Skólavörðuholti og á Háteigsvegi.

Meginhlutverk bókasafns og upplýsingamiðstöðvar er að veita nemendum og starfsmönnum Tækniskólans greiðan aðgang að upplýsingum og heimildum vegna náms og kennslu. Þar er veitt fjölþætt þjónusta, s.s. aðstoð við





upplýsingaöflun og heimildaleit, útlán, uppsetningu verkefna og prentun auk persónulegrar aðstoðar við tölvunotkun. Auk þess stendur safnið fyrir kennslu í upplýsingalæsi fyrir fyrsta árs nemendur og meðal nýjunga á síðasta ári er að bjóða nemendum Fjölmenningskólans upp á aðstoð við heimanám. Starfsfólk safnsins kennir jafnframt hvernig fara skal með heimildir í heimildaritgerðum og lokaverkefnum.

Safnkosturinn er skráður í bókasafnskerfið Gegni auk þess sem safnið nýtir sér landsaðgang að rafrænum gagnasöfnum og tímaritum gegnum vefinn hvar.is.

Starfsfólk bókasafns og upplýsingamiðstöðvar hefur umsjón með vef skólans, upplýsingaskjám og útgáfu prentkorta til nemenda og starfsfólks. Starfsfólk safnsins annast einnig upplýsingaþjónustu sem áður féll undir skrifstofu skólans á Háteigsvegi. Frá júní 2011 heyrir starf alþjóðafulltrúa undir bókasafn og upplýsingamiðstöð.

Skráðir titlar í bókasafnskerfið Gegni: 16001 (ath. ekki er allur safnkosturinn skráður í kerfið). Heildarútlán: 17.610 Heildarfjöldi lánþega: 1147, þ.a. 1038 nemendur.

Tölfræði bókasafns	2009	2010	2011	Breyting 2009/2011	%
Lánþegar	1007	1000	1147	140	13,9%
Útlán	12765	16878	17610	4845	38,0%
Útlán per launþega	12,7	16,9	15,4		

## 12.3 Tölvudeild

### Uppbygging kerfis

Tölvukerfi Tækniskólans er byggt upp í kringum Microsoft Active Directory (AD) notendagrunn. Réttindi og aðgangstakmörkunum er stýrt í gegnum þennan grunn. Reglum varðandi notendur og einstakar útstöðvar er stýrt í s.k. Group Policy í AD og skriftum.

Microsoft Exchange keyrir tölvupóstkerfi starfsmanna.

Netþjónar keyra Windows 2008 stýrikerfi og útstöðvar Windows 7.

Tölvupóstur og flest gögn nemenda eru hýst í skýinu hjá live@edu þjónustu Microsoft.

Önnur gögn er varða nemendur eru hýst hjá SKÝRR (Inna)

Námsnetið er hýst á einum þjóni í Dell blade kassa skólans.

#### Netþjónar

Keyra á Dell Blade og eru meirihluti þjónanna keyrðir í VmWare ESX4.

Aðrir þjónar keyra á blöðunum í Blade stæðunni.

#### Kerfisrými

Eru tvö annað staðsett á Skólavörðuholti, og hitt staðsett á Háteigsvegi.


#### Nethögun

Internet tenging Tækniskólans keyrir á FS-neti sem er nú rekið af Vodafone, 100mb ljósleiðari og er allri umferð stýrt með Sonicwall eldvegg.

Háteigsvegur tengist inn með Darkfiber frá Gagnaveitunni. Varatengingar eru staðsettar bæði á Háteigsvegi (4 mb sds) og Skólavörðuholti (16mb\1mb Adsl)

#### Afritun

Afritun er tvískipt, annarsvegar er tekið langtímaafrit á spólur sem eru geymdar í eldvörðu rými í skólanum (Skólavörðuholti) og hinsvegar er iscsi diskastæða sem er staðsett í kerfisrými á Háteigsvegi sem tekur skammtímaafrit.



### Þráðlaust net

Þráðlausa netinu er einnig stýrt með Sonicwall og er því tvískipt, annarsvegar opið net sem allir geta fengið aðgang að en er mjög takmarkað, og hinsvegar lokað net sem er læst og ætlað fyrir starfsmenn. Fyrirhugað er að breyta þessu og læsa alveg báðum netum með aðgangastýringu tengda við Active directory.

### Prentun

Tækniskólinn er með prentþjónustusamning við Pennann-tækni og sjá þeir um allt sem við kemur prentunum. Náðar-kort eru notuð til að sækja útprintanir frá prenturum og er það kerfi með tengingar í Active directory.

### Aðgengi að gögnum og gagnaöryggi

Aðgangsstýringar eru framkvæmdar með NTFS réttindum og drif notenda skilgreind með hópum úr Active directory.

## 12.4 Starfsmannahald

Í lok ársins 2011 störfuðu hjá Tækniskólanum um 210 starfsmenn og hafði þeim heldur fjölgað á árinu. Einkum kemur þar til aukinn nemendafjöldi vegna átaksverkefna á vegum hins opinbera „Nám er vinnandi vegur“ og „Átak MMR fyrir ungt fólk 18-24 ára“.

## 12.5 Starfsmannafundir

Haldnir eru fundir með öllum starfsmönnum a.m.k. tvisvar sinnum á önn, í upphafi og lok hverrar annar. Þess á milli eru kennarafundir í lok hvers mánaðar. Innan hvers skóla eru svo skipulagðir fundir sem fagskólastjórar halda utan um og ráðstafa þeim tímum sem eru með fundarhléum í töflum allra kennara.

**Á fyrsta starfsmannfundum á vorönn 2011 sem haldinn var 4. janúar 2011 voru lagðar megin áherslur fyrir vorönnina:**

### Nýir starfsmenn

- sagt var frá nýjum starfsmönnum sem hófu störf á vorönn
- innleiða nýjar lærdómsleiðir
- lærdómur nemenda (learning outcome) verði í fyrsta sæti
- kennsla verði lærdómsmiðuð og verkefnabundin
- þróa teymisvinnu kennara í kennslu í stærri hópum
- vera í forystu faglega og tæknilega
- skapa sterk tengsl við atvinnulífið


### Ýmislegt um árið 2010

- farið var yfir breytingar á nemendahópnum – sterkari nemendur að sækja um inngöngu
- farið var yfir fjölda nemenda í skólanum á árinu 2010 – ársnemendur 1752 í fjárlögum en 1904 í raun 125 nemendur umfram fjárlagatölu sem eru að mestu óbættir
- farið yfir tölur vegna staðinna eininga, falls, úrsagnar og brottfalls fyrir hvern skóla 2010
- farið yfir dreifnám á haustönn 2010 – fjöldi áfanga 65 og 105,7 einingar
- farið yfir viðveru nemenda í dagskóla – brottfall minnkandi en viðvega jókst úr 79,4% í 84,3% á milli anna. Farið var yfir viðveru í hverjum skóla fyrir sig
- sagt var frá helstu viðburðum ársins í máli og myndum – sýningar skóla og nemenda, þátttaka í keppnum og árangur, og sagt frá helstu vörðum í félagsstarfi starfsmanna

### Helstu áherslur á vorönn 2011

- láta sig varða um nemendur
- skapa öryggi
- nemandinn finni fyrir stuðningi
- persóna frekar en númer
- byggja markvisst upp sjálfstraust nemenda
- þróa samskiptatækin og tæknina sem við höfum
- þróa verkefnabundið nám og símat

### Vorönn 2011 – skólasterfið



- fylgjast reglubundið og kerfisbundið með mætingu nemenda og settar vörður til viðmiðunar
- á rétttri leið – markast af – öflugum starfsmönnum, breytingu á nemendahópi, kerfisbundnu aðhaldi og breyttum kennsluháttum
- fjöldi umsókna vor 2011 kynntur
- farið yfir mikilvægar dagsetningar á vorönn samkvæmt starfsáætlun

#### Rekstrarmál 2010-2011

- farið yfir starfsmannakerfið og ég spjald starfsmanna
- drög að rekstraruppgjöri fyrir árið 2010 kynnt
- drög að rekstraráætlun 2011 kynnt
- farið yfir þróun tekna, gjalda, launa og afkomu skólans á árunum 2009-2011, rauntölur og áætlanir
- farið yfir og rætt um nauðsynlega hagræðingu vegna tekjuskerðingar á árinu 2011

#### Gæðamál - rekstrarhandbók

- starfsáætlun vorannar lögð fram til samþykktar – samþykkt samhljóða
- farið yfir fyrirkomulag kennsluáætlana

#### Fyrirlestur

- Dr. Rósa Gunnarsdóttir fjallaði um mikilvægi sköpunar í kennslu- og skólastarfi

#### Á starfsmannafundi 1. apríl var fjallað um eftirfarandi:

Drög að gildum og stefnu Tækniskólans lögð fram til umræðu


- Gildi
  - menntun – virðing – fagmennska – framsækni
- Stefna í kennslu og námi
  - Skólinn leggur áherslu á að nemendur læri með því að leysa raunhæf og skapandi verkefni í hverri grein. Skólinn leggur áherslu á samþættingu námsgreina, þverfaglegt samstarf og að sköpun og frumkvæði einkenni nám og kennslu. Þessum markmiðum verður náð með því að þróa kennsluhætti, hafa hvetjandi námsmat með skýrum væntingum til nemenda, og eftirliti með ástundun þeirra.
  - Val og ábyrgð nemenda á verkefnum aukist eftir því sem þeir eru lengra komnir í námi.
  - Kennslan verði skipulögð út frá því hvaða upplýsingar, tæki og leiðsögn nemendur þurfa til að geta leyst verkefni af hendi.
  - Kennarar þróa rafrænar leiðir til upplýsingamiðlunar og námsmats.
  - Hlutfall leiðsagnarmats á úrlausnum verkefna verði einkennandi og hlutfall lokaprófa í námsmati fari minnkandi.
  - Stefnt er að minnkandi brottfalli og batnandi meðalárangri nemenda Tækniskólans, skóla atvinnulífsins.
  - Ferilmappa verði hluti af námsmati á flestum brautum.
- Stefna um mannauð, ánægju nemenda og starfsmanna
- Stefna um rekstur, skipulag og húsnæði
- Mælipunktur
  - Farið yfir mælipunkta sem notaðir verða til að mæla árangur

#### Á kennara og starfsmannafundi 23. maí var fjallað um eftirfarandi:

- farið yfir og fjallað um lok kennsluannar
- farið yfir rekstur og kynnt endanleg niðurstaða rekstrareiknings 2010 eftir samþykki stjórnar
- farið yfir 4. mánaða uppgjör janúar – apríl 2011
- kynntar fyrirhugaðar endurbætur og viðhaldsframkvæmdir á sumri 2011
- starfsáætlun haustannar 2011 lögð fra til samþykktar – samþykkt samhljóða
- farið yfir dagatal og viðburði á haustönn 2011

#### Á kennara og starfsmannafundi 18. ágúst var fjallað um eftirfarandi:

- sagt frá þeim starfsmönnum sem láta af störfum og nýjum starfsmönnum sem hefja störf á haustönn 2011
- Nám og kennsla
- kynnt var þátttaka skólans í áttakinu „Nám er vinnandi vegur“
- farið var yfir nemendafjölda á haustönn – fjárlög 1752 innritaðir nemendur 2110, 358 nemendur yfir fjárlögum þar af 160 vegna átaksins og því ekki í fjárlagatölu. Nemendur umfram fjárlög 298.



- farið var yfir námsbrautir sem eru til tilraunakennslu
- kynntar voru áherslur vegna heilsueflandi framhaldsskóla árin 2011-2013 – hreyfing-næring-geðrækt og lífsstíll
- kynnt var starfsemi íþróttahópa starfsmanna í Tækniskólanum
- breytingar á tölvukerfi – kynnt var breyting á tölkerfum og innleiðing sýndarvéla – innleiðing næstu annir
- farið yfir framkvæmdir sumarsins hvað varðar húsnæði og aðstöðu
- kynntar breytingar í mötuneytum vegna heilsuátaks og vegna hagræðingar
- farið yfir niðurstöður úttektar MMR á meistaranáminu
- starfsáætlun haustannar lögð fram til umræðu og samþykktar – samþykkt samhljóða
- kynntur fundur með forráðamönnum nemenda
- sagt frá námsferð starfsmanna TS til Torontó

#### Á kennara og starfsmannafundi 28. október var fjallað um eftirfarandi:

- farið yfir samræmingu kennsluáætlana og námsmats
- rætt um prófáfangi og símat og fyrirkomulag í hvoru fyrir sig
- farið yfir tölfraði símats og lokaprófa
- rætt um margbreytileika kennslu og þróun kennsluhátta
- kynntar niðurstöður könnunar KÍ á meðal dagvinnu og heildarlaunum í framhaldsskólum í mars 2011 og er Tækniskólinn eins og áður að greiða hæstu meðallaunin
- sagt var frá doktorsnafnbót í efnafræði sem Kristján Matthíassonar kennari við Tækniskólans hefur hlotið

Kennarafundir skólanna voru haldnir vikulega samkvæmt stundaskrá og voru þar rædd innri og ytri málefni hvers skóla fyrir sig.

Haldin voru ýmiskonar námskeið fyrir starfsmenn á árinu svo sem notendanámskeið á ýmiskonar tölvuforritum og einnig námskeið vegna notkunar á Námsneti skólans.

## 12.6 Starfsmannafélag, starfsemi

Starfsemi Starfsmannafélags Tækniskólans var með nokkuð hefðbundnu sniði árið 2011.

Árshátíð var haldin 26. mars í Versölum við Hallveigarstíg og tókst vel; steikarhlaðborð gældi við bragðlauka og heimatilbúin skemmtiatriði kættu hláturtaugar þótt sætaskipan árshátíðargesta hafi ruglað nokkra í ríminu.

Vorferðin var stutt en menningarleg: Skoðunarferð með leiðsögn um hið nýopnaða og glæsilega tónlistarhús Hörpuna þann 24. maí, sem lauk á viðeigandi hátt með veigum í Munnhörpunni.

Jólahlaðborðið sívinsæla fór fram 9. desember þar sem borð svignuðu undan kræsingum Sigvalda kokks á Skólavörðuholtinu og listamennirnir Sindri Freysson og Svavar Knútur skemmtu gestum.

Stjórn félagsins er skipuð eftirfarandi starfsmönnum:

Gunnar Sigurðsson formaður

Sigríður Snjólaug Vernharðsdóttir varaformaður

Áslaug Ásmundsdóttir meðstjórnandi

Helga Þórey Júlíudóttir meðstjórnandi

Ómar Árnason gjaldkeri

## 12.7 Fjármálastjórn, bókhald og skólaskrifstofa

Undir rekstrarsvið heyrir einnig rekstur skólaskrifstofu og bókhaldsdeildar, auk fjármálastjórnunar.

Bókhald skólans er fært í Navision Finance bókhaldskerfi. Mánaðarlega eru unnin rekstraruppgjör sem lögð eru fyrir stjórnarfundi.

## 12.8 Afkoma ársins

Rekstur Tækniskólans var vel viðunandi árið 2011, ekki síst í ljósi niðurskurðar síðustu ára, og hefur náðst að snúa við taprekstri fyrstu ára skólans.

Heildartekjur ársins 2011 voru 2.151,7 milljónir, þar af sértekjur 323,8 milljónir. Rekstrarkostnaður nam 2.059,8 milljónum, þar af námu laun, aðkeypt kennsla og annar starfsmannakostnaður 1.614,2 milljónum. Afskriftir, fjármunatekjur og fjármagnsgjöld námu samtals 57,8 milljónum. Hagnaður ársins nam því 34,1 milljón króna.

Launahlutfall lækkar enn lítillega milli ára, fer úr 75,8% í 75,0%, en var tæp 80% árið 2010. Áfram hefur verið gætt aðhalds í rekstri og stendur sá kostnaður í stað milli ára í krónum talið, en lækkar úr 21,5% í 20,0% sem hlutfall af heildartekjum.

Í árslok voru eignir samtals 429 milljónir og eigið fé 71,7 milljón króna.

### Rekstrarreikningur ársins 2011

	Skýringar	2011	2010
<b>Rekstrartekjur</b>			
Þjónustusamningur Ríkissjóðs .....		1.827.941.086	1.757.523.466
Aðrar tekjur og styrkir .....		323.812.208	319.542.224
		<u>2.151.753.294</u>	<u>2.077.065.690</u>
<b>Rekstrargjöld</b>			
Laun, launatengd gjöld og aðkeypt vinna .....		1.614.236.689	1.575.977.811
Rekstur húsnæðis .....		276.370.327	267.428.611
Annar rekstrarkostnaður .....		169.188.836	178.151.661
		<u>2.059.795.852</u>	<u>2.021.558.083</u>
<b>Hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði</b>		91.957.441	55.507.607
Afskriftir .....	2	53.817.243	46.167.793
<b>Rekstrarhagnaður</b>		38.140.198	9.339.814
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtatekjur og verðbætur .....		677.895	777.597
Vaxtagjöld og verðbætur .....		(5.218.315)	(6.563.335)
Gengishagnaður / (-tap) .....		535.511	(2.661.517)
		<u>(4.004.909)</u>	<u>(8.447.255)</u>
<b>Hagnaður ársins</b>		<u>34.135.289</u>	<u>892.559</u>